FRÉTTABLAÐIÐ

199. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER 2020

AUGLÝSING

Orkusalan með á nýja heimilið!

Ertu að flytja? Passaðu að gleyma ekki stuðinu í flutningunum og mundu að taka Orkusöluna með á nýja heimilið — svo miklu meira en stuð:

- **100% græn raforka — Grænt ljós fyrir alla**
- **Eina íslenska orkufyrirtækið sem er 100% kolefnishlutlaust**
- **Einfalt að skipta yfir í stanslaust stuð**

Komdu í græn og rafmögnuð viðskipti á orkusalan.is

Vertu í stanslausu stuði með okkur. Komdu í viðskipti á orkusalan.is og tryggðu heimilinu grænt rafmagn.

Grænt ljós frá Orkusölunni

Vissir þú að Orkusalan er fyrsta og eina orkufyrirtækið hér á landi sem kolefnisjafnar bæði rekstur og vinnslu raforku? Kolefnisspor Orkusölunnar með tilliti til bindingar er því núll! Auk þess geta viðskiptavinir Orkusölunnar fengið Grænt ljós, staðfestingu á að öll raforka sem heimilið eða fyrirtækið notar er græn og 100% endurnýjanleg. Allir okkar viðskiptavinir, bæði einstaklingar og fyrirtæki, geta sótt Græna ljósið á orkusalan.is.

orkusalan



FRÉTTABLAÐIÐ

199. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER 2020

Skipverjarnir á hinni 58 ára gömlu Papey ÍS-101 eru öllu vanir og létu ekki smá úrhelli á sig fá er þeir undirbjuggu að halda af stað frá Reykjavíkurhöfn til Njarðvíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BUGL geti ekki keppt um kjör

Barna- og unglingageðdeild Landspítala hefur óskað eftir að kannað verði hvort hægt sé að bæta kjör starfsfólks. Framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs segir ekki hægt að keppa við sveitarfélög um laun.

HEILBRIGÐISMÁL Barna- og unglingageðdeild Landspítala, BUGL, hefur óskað eftir að skoðað verði hvort möguleiki sé á að bæta kjör starfsfólks í takt við reynslu og sérhæfingu. Illa hefur gengið að manna teymi innan deildarinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er megn óánægja innan deildarinnar og erfiðlega gengur að halda í starfsfólk. Þá sé ótti við að umræða um stöðuna verði til þess að umsóknir berist síður. Hvorki yfirlæknir né deildarstjóri hafa svarað erindum Fréttablaðsins.

Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs, segir BUGL ekki getað keppt við kjör sem boðin eru hjá sveitarfélögum. „BUGL getur ekki keppt um launasetningu þessara starfsmanna, sem er mjög óheppilegt vegna þess að BUGL er sérfræðistofnun," segir Linda.

> **BUGL er meðal þeirra eininga sem hafa óskað eftir skoðun varðandi möguleikana á bættum kjörum samhliða aukinni reynslu og sérhæfingu starfsfólks.**

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála

Þegar málefni transteymisins komust í hámæli í febrúar sendi spítalinn frá sér yfirlýsingu um að unnið yrði að umbótum í samstarfi við ráðuneytið, engar upplýsingar hafa fengist um hvað hafi falist í því samstarfi. Vandi BUGL er þó ekki einsdæmi innan spítalans.

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá Landspítala, segir mál BUGL til skoðunar. „Staðan er sú að flest stéttarfélög hafa lokið sínum kjarasamningum í ár og með örfáum undantekningum hefur ekki verið um að ræða viðbætur inn í launahækkanir umfram viðmið Lífskjarasamnings," segir Ásta.

„BUGL er meðal þeirra eininga sem hafa óskað eftir skoðun varðandi möguleikana á bættum kjörum samhliða aukinni reynslu og sérhæfingu starfsfólks."

arib@frettabladid.is

Ströngustu komuskilyrðin hér á landi

COVID-19 Ísland er það land innan ESB- og EES-svæðisins sem er með ströngustu skilyrðin fyrir komu ferðamanna til landsins. Þessar upplýsingar má finna á rafrænu korti á vefsíðu á vegum Evrópusambandsins. Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að upplýsingarnar staðfesti það sem samtökin hafi bent á frá því að tilhögun sóttvarna á landamærunum var breytt í ágústmánuði. „Það er greinilegt þegar við berum til dæmis saman flug til annarra áfangastaða innan Evrópu og flug til og frá Íslandi að þessar ströngu ferðatakmarkanir hafa haft sérstaklega slæm áhrif á ferðalög til Íslands." – þþ / sjá síðu 6

Veður



Fremur hæg vestlæg átt í dag, þurrt og bjart að mestu um landið austanvert, en dálitlar skúrir fram eftir degi um landið vestanvert. Hiti 6 til 13 stig að deginum.
SJÁ SÍÐU 18

Síðsumarsfundur forsætisnefndar þingsins fór fram á Alþingi í gær.

Kynjahlutföll í þingnefndum til skoðunar

STJÓRNMÁL Forsætisnefnd Alþingis kom saman á síðsumarsfundi í gær, til að undirbúa næsta þingvetur sem verður sá síðasti á þessu kjörtímabili.

Síðasti þingvetur þessa kjörtímabils hefst 1. október.

Auk hefðbundinna dagskrárliða um starfsáætlun vetrarins, þingsetningu, stefnuræðu forsætisráðherra og umræður um fjárlög var rætt um fyrirhugaðar breytingar á þingskapalögum. Annars vegar um fjarfundi í nefndum og hins vegar um kynjahlutföll í nefndum. Breytingar á siðareglum fyrir alþingismenn voru einnig á dagskrá fundarins.

Þá var rætt um greiðslur aksturskostnaðar í aðdraganda kosninga, breyttar reglur um sérfræðiaðstoð til þingflokka, breytingar á þingsal og ásýnd Alþingis í þingsal.

Umræða um áhrif heimsfaraldursins á þingstörfin var einnig fyrirferðarmikil á fundinum: bæði þinghaldið sjálft en einnig áhrif faraldursins á alþjóðastarf þingsins.

Alþingi kemur saman 1. október næstkomandi þegar 151. löggjafarþing verður sett. Búast má við að þingveturinn litist nokkuð af komandi þingkosningum en Katrín Jakobsdóttir tilkynnti fyrr í sumar að þær fari fram 25. september á næsta ári. **– aá**

Mikilfengleg mínaretta

Svokölluð mínaretta, eða bænaturn, er nú fullkláruð og stendur við við mosku Stofnunar múslima á Íslandi í Skógarhlíðinni. Hún er þrettán metrar á hæð og tólf hundruð kíló af stáli þurfti til að smíða hana. Mínarettan hefur fyrst og fremst þann tilgang að auka sýnileika moskunnar en eins og sjá má sýnir hún vegfarendum einnig tímann. Til stendur að halda hátíð til að fagna mínarettunni þegar aðstæður leyfa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gas gæti bent til örvera á Venus

VÍSINDI Gastegund sem gæti bent til lífs hefur fundist í lofthjúp Venusar. Hópur alþjóðlegra vísindamanna tilkynnti í gær að þeir hefðu fundið gastegundina fosfín í snefilmagni. Ekki er vitað hvernig gastegundin hefur myndast, á jörðinni getur gasið verið aukaafurð örvera sem lifa ekki á lofti.

„Það er eitthvert óvænt og forvitnilegt ferli sem á sér stað á Venus sem framleiðir þetta gas af fosfíntegund," sagði Sara Seager, stjarneðlisfræðingur við MIT-háskóla, við CNN. Að hennar sögn munu rannsóknir halda áfram í von um að finna meira magn af fosíni eða aðrar gastegundir á Venus.

Samkvæmt grein um málið sem birt var í tímaritinu Nature Astronomy kemur fram að ekki sé vitað hvernig gastegundin myndast á Venus, tekið hafi verið tillit til eldfjalla, eldinga og mögulegra efnahvarfa og ekki sé hægt að útiloka að gasið sé aukaafurð örvera. **– ab**

Samningi Íslandsstofu og Saatchi ekki haggað

Ekki er orðið við kröfu auglýsingastofunnar Pipars um að ógilda ákvörðun um að semja við breska auglýsingastofu vegna átaks til að laða ferðamenn til Íslands. Kærunefnd segir ekki unnt að ógilda eftir að kominn sé á samningur.

ÚTBOÐSMÁL Ákvörðun Íslandsstofu og Ríkiskaupa um að semja við bresku auglýsingastofuna M&C Saatchi Ltd. verður ekki felld úr gildi. Þetta er niðurstaða kærunefndar útboðsmála vegna kæru auglýsingastofunnar Pipars Media ehf.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í maí var tilboð M&C Saatchi metið best í útboði Ríkiskaupa vegna landkynningarverkefnis Íslandsstofu sem nefnt er „Ísland saman í sókn". Íslenska auglýsingastofan Pipar lenti í öðru sæti.

„Mín persónulega skoðun á þessu er að þetta voru gríðarleg vonbrigði," sagði María Hrund Marinósdóttir, formaður ÍMARK, við Fréttablaðið 13. maí síðastliðinn þegar ljóst var að Íslandsstofa hygðist semja við erlenda auglýsingastofu um 1,5 milljarða króna markaðsátak til að styrkja ímynd Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Sex dögum síðar kærði Pipar niðurstöðuna og krafðist þess að Íslandsstofu og Ríkiskaupum yrði gert að semja í staðinn við Pipar. Gengið var frá samningi við M&C Saatchi Ltd. 25. júlí.

Að því er segir í umfjöllun kærunefndarinnar byggði Pipar kæru sína á að skila hefði átt inn tilboðum með virðisaukaskatti. M&C Saatchi Ltd. sé erlent fyrirtæki sem sé ekki virðisaukaskattskylt á Íslandi. Því hafi jafnræði bjóðenda verið raskað í útboðinu. Einnig hafi breska fjármálaeftirlitið hafið rannsókn á M&C Saatchi Ltd. vegna bókhaldsbrota og megi ráða af fréttum að stjórnendur fyrirtækisins hafi viðurkennt að rangfærslur í bókhaldi gætu náð mörg ár aftur í tímann. Því geti fyrirtækið ekki verið gjaldgengt í útboðum. M&C Saatchi Ltd. hafi skilað röngum ársreikningi fyrir árið 2018 í hinu kærða útboði sem leiða ætti til þess að tilboði félagsins yrði hafnað.

Átakið Ísland saman í sókn á að laða að ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafi varnaraðili Ríkiskaup kannað hvort ástæða væri til að útiloka fyrirtækið frá þátttöku í útboðinu í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um bókhaldsbrot þess, en innsend gögn hafi ekki bent til þess að það bæri að gera.

Úr umfjöllun kærunefndar útboðsmála

Íslandsstofa og Ríkiskaup sögðu á hinn bóginn að tilboðin væru samanburðarhæf og jafnræði hefði verið með bjóðendum. „Hafi varnaraðili Ríkiskaup kannað hvort ástæða væri til að útiloka fyrirtækið frá þátttöku í útboðinu í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um bókhaldsbrot þess, en innsend gögn hafi ekki bent til þess að það bæri að gera," segir kærunefndin.

„Þar sem fyrir liggur bindandi samningur milli varnaraðila Íslandsstofu og M&C Saatchi Ltd. hefur kærunefnd útboðsmála ekki heimild til þess að fallast á fyrrgreindar kröfur kæranda," segir kærunefndin. Þá geti nefndin skyldað kaupanda til að ganga til samninga á grundvelli útboðs. „Þegar af þessum sökum er óhjákvæmilegt að hafna kröfum kæranda."

gar@frettabladid.is

ÁFRAM MEÐ SMURIÐ!

Sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota, 14.–30. september.



Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og vinnusölu.*

Engin vandamál – bara lausnir

Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með vinnusölu.

íslenska

Kvíðin en halda í vonina um að fá að dvelja áfram á Íslandi

ÚTLENDINGAMÁL Egypsk sex manna fjölskylda sem vísa á úr landi á miðvikudag undirgekkst COVID-19 próf í gær sem undirbúning að brottvísuninni. Þrír lögreglumenn fylgdu fjölskyldunni sem samanstendur af hjónunum Dooa og Ibrahim og fjórum börnum þeirra sem eru á aldrinum 5 til 12 ára. Þau hafa dvalið á landinu í tvö ár og sótt um alþjóðlega vernd vegna ótta við ofsóknir í heimalandinu.

Krakkarnir stunda nám í Háaleitisskóla við Ásbrú. MYND/AÐSEND

Magnús Davíð Norðdahl, lögmaður fjölskyldunnar, hefur ekki séð niðurstöðurnar en á ekki von á öðru en að sýnin hafi verið neikvæð. Fjölskyldan hafi verið einkennalaus.

Magnús segir að áfram haldi óvissa og kvíði fyrir fjölskylduna en jafnframt von um að málið leysist.

> Meðan þau eru á landinu, þá er von.

„Meðan þau eru á landinu, þá er von," segir hann.

Þrjár beiðnir eru á borði kærunefndar útlendingamála, tvær um endurupptöku málsins og ein um frestun réttaráhrifa. Í gær fór Magnús fram á að velferðarnefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis yrðu kallaðar saman í dag í von um að stöðva brottvísunina.

Málið gæti ratað inn á borð allsherjarnefndar sem fundar í dag sem og inn á ríkisstjórnarfund dagsins. Búið er að skipuleggja samstöðufund á Austurvelli klukkan fjögur í dag. **– khg**

Ísland stendur vel í mönnun

MENNTAMÁL Ísland er með lægsta hlutfall leikskólakennara á hvern nemanda í Evrópu ásamt Írum. Það er rétt rúmlega fjóra nemendur á hvern kennara. Til samanburðar eru fimm nemendur á hvern leikskólakennara í Danmörku, sex í Svíþjóð og ellefu í Noregi sem er jafnframt meðaltalið í allri álfunni. Þetta kemur fram í tölum tölfræðistofnunnar ESB, Eurostat.

Ísland er einnig meðal þeirra landa sem hafa bestu mönnunina í grunnskólakerfinu. Ellefu nemendur eru á hvern kennara hér á landi, vel undir meðaltalinu sem er fjórtán. Lægsta hlutfallið er í Lúxemborg og Grikklandi, níu á hvern kennara, en það hæsta í Bretlandi, eða 20. **– khg**

Frá Djúpavogi. MYND/PJETUR

Halda fund með frambjóðendum

SVEITARSTJÓRNIR Héraðsfjölmiðillinn Austurfrétt/Austurglugginn á Egilsstöðum hyggst í samstarfi við Fljótsdalshérað standa fyrir opnum framboðsfundi vegna komandi sveitarstjórnarkosninga.

Kosið verður næsta laugardag til nýrrar sveitarstjórnar nýs sveitarfélags sem myndað er með sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar.

Íbúafundurinn er í kvöld. Vegna samkomutakmarkana verða engir áhorfendur á staðnum en fundurinn verður sendur beint út á Facebook-síðu Austurfréttar. Íbúar geta sent inn spurningar fyrir fundinn og á meðan á honum stendur. **– gar**

Átti ekki að koma fólki á óvart

Benedikt Jóhannesson vill leiða lista Viðreisnar á ný en nú á suðvesturhorninu. Hann segist hafa látið forystuna vita af áætlunum sínum og að þær hefðu ekki átt að koma fólki á óvart miðað við fyrri áætlanir.

STJÓRNMÁL Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi formaður Viðreisnar og fjármálaráðherra, sækist á ný eftir að leiða lista flokksins í alþingiskosningum. Þær fara fram haustið 2021 en landsþing Viðreisnar verður haldið í Silfurbergi í Hörpu þann 25. september.

Formannsskipti urðu í flokknum fyrir síðustu kosningar, haustið 2017, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók við af Benedikt. Mikil óánægja hafði verið í flokknum vegna viðtals í Víglínunni þar sem Benedikt þótti hafa gert lítið úr málinu um uppreist æru, sem sprengdi fráfarandi ríkisstjórn. Benedikt leiddi hins vegar lista flokksins í Norðausturkjördæmi en hlaut aðeins rúm 2 prósent og náði ekki inn á þing.

Benedikt sneri aftur til ráðgjafarstarfa en hefur allan tímann starfað í stjórn flokksins. Spurður hvort hann hafi rætt þessa ákvörðun við aðra í forystu flokksins segir hann svo vera. Einnig að fólk hafi komið að máli við hann í ljósi komandi landsþings. Hann segir einnig að þetta hefði ekki átt að koma fólki á óvart. „Ég var búinn að segja þetta í fjölmiðlum fyrir tveimur árum síðan, ef ekki meira," segir hann.

Í yfirlýsingu segist Benedikt vilja leiða lista á suðvesturhorninu, en tiltekur Reykjavík ekki sérstaklega. Hafa ýmsir velt því fyrir sér hvort Benedikt vilji skora Þorgerði, oddvita í Suðvesturkjördæmi, á hólm til formennsku. Benedikt segir hins vegar að hann og fleiri í flokknum líti á höfuðborgarsvæðið sem sama svæðið og formannsslagur hafi ekki falist í yfirlýsingunni. „Ég býð mig fram í stjórn áfram, eins og ég hef verið," segir hann. Í síðustu kosningum leiddu Hanna Katrín Friðriksson og Þorsteinn Víglundsson Reykjavíkurkjördæmin. Þorsteinn hefur nú haldið til annarra starfa og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir er oddviti í Reykjavík norður.

Benedikt fyrir stjórnarmyndun haustið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þeim sem eru á móti Evrópusambandsaðild hefur á undanförnum árum tekist að villa mörgu góðu fólki sýn.
>
> Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi fjármálaráðherra

Spurður hvers vegna hann vilji ekki leiða lista fyrir norðan á ný segir hann aðstæður aðrar í dag. „Ég var á þessum tíma formaður flokksins og taldi það vera sterkt að formaðurinn gæfi kost á sér í ólíklegasta kjördæmi landsins. En ég er ekki formaður lengur og mínar aðstæður hafa breyst," segir hann.

Benedikt segist ætla að berjast fyrir sömu málum og þeim sem Viðreisn var stofnuð út af. Svo sem að breyta landbúnaðarkerfinu til að hér geti verið verðlag og úrval eins og þekkist erlendis, að kvóta sé ekki úthlutað án þess að ríkið fái fyrir hann markaðsverð og að í landinu sé stöðug mynt fyrir neytendur og útflutningsaðila.

Hann telur einnig að umræðan um inngöngu Íslands í Evrópusambandið verði í kortunum á næstu árum og að fylgið við aðild sé að aukast. „Við berjumst fyrir því að Ísland fái fulla aðild að Evrópusambandinu," segir Benedikt. „Við erum þar inni að stærstum hluta en höfum engan atkvæðisrétt. Mér finnst mjög einkennilegt að fólk telji betra að vera aðili að samtökum án þess að fá að ráða neinu. Þeim sem eru á móti Evrópusambandsaðild hefur á undanförnum árum tekist að villa mörgu góðu fólki sýn."

Enginn hefur boðið sig fram gegn Þorgerði Katrínu til formennsku flokksins á landsþingi. Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði, hefur boðið sig fram til varaformanns, en Þorsteinn Víglundsson gegndi þeirri stöðu áður.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÍSBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep

Hlutafjárútboð í Icelandair Group — Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur miðvikudaginn 16. september 2020

Icelandair Group býður til kynningarfundar í tengslum við almennt útboð á nýjum hlutum í félaginu sem fer fram dagana 16. og 17. september og fyrirhugaðrar töku hinna nýju hluta til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands. Fundurinn verður haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, miðvikudaginn 16. september og hefst kl. 10.00. Boðið verður upp á vefstreymi frá fundinum sem verður aðgengilegt á vefsíðum Icelandair Group, Landsbankans og Íslandsbanka. Vakin er athygli á því að upptaka af fundinum verður ekki aðgengileg eftir að honum lýkur.

Fundurinn er öllum opinn en vegna samkomutakmarkana er nauðsynlegt að gestir skrái mætingu á vefsíðu félagsins www.icelandairgroup.is.

Nánar um fyrirhugað útboð
Í útboðinu verða boðnir til sölu 20.000.000.000 nýir hlutir í Icelandair Group. Gefi eftirspurn tilefni til hefur félagið heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu þannig að þeir nemi samtals allt að 23.000.000.000. Nýju hlutunum fylgja áskriftarréttindi sem samsvara allt að 25% af skráningu nýrra hluta í útboðinu.

Markmiðið með útboðinu er að styrkja lausafjár- og eiginfjárstöðu Icelandair Group og tryggja rekstrarfé yfir tímabil lágrar framleiðslu.

Tekið verður við áskriftum rafrænt á eftirfarandi vefsíðu
www.landsbankinn.is/utbod/icelandair.

Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíður umsjónaraðila útboðsins, www.islandsbanki.is og www.landsbankinn.is og á heimasíðu félagsins, www.icelandairgroup.is.

Fjárfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útboðinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Icelandair Group er að nafnverði 1 króna. Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama verði, eða 1,00 kr./hlut.

Áætlað er að niðurstaða útboðsins verði birt á vefsíðu Icelandair Group eigi síðar en kl. 23:59 þann 18. september 2020. Gjalddagi og eindagi áskrifta er áætlaður 23. september 2020.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Icelandair Group eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar um Icelandair Group og lýsingu félagsins sem dagsett er 8. september 2020, og hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Lýsinguna má finna á vefsíðu Icelandair Group, www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/prospectus/.

	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B
Stærð útboðs 20 milljarðar króna að kaupverði	17 milljarðar króna að kaupverði	3 milljarðar króna að kaupverði
Réttur til að stækka útboð í 23 milljarða króna	Ef umframeftirspurn myndast, hefur félagið rétt til að stækka útboðið um 3 milljarða króna að kaupverði. Ef heimildin er nýtt að fullu verður stærð útboðsins því 23 milljarðar króna.	
Útboðsgengi	1,00 kr./hlut	1,00 kr./hlut
Lágmarksáskrift	20.000.001 krónur að kaupverði	100.000 krónur að kaupverði
Hámarksáskrift	-	20.000.000 að kaupverði
Áskriftarréttindi*	Með hlutum keyptum í útboðinu fylgja áskriftarréttindi sem samsvara 25% af skráningu nýrra hluta. Hægt verður að nýta áskriftarréttindin á verði sem fer stighækkandi frá útboðsgengi, í þremur skrefum, á ákveðnum tímabilum yfir tveggja ára tímabil. Áskriftarréttindin verða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og hægt verður að eiga viðskipti með þau óháð hlutum í félaginu fram að nýtingartíma þeirra.	

* Auglýsingin tengist flókinni fjármálaafurð sem getur verið erfitt að skilja.

Landsbankinn og Íslandsbanki hafa umsjón með útboðinu.
Upplýsingar og tæknileg aðstoð:

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans
Sími: 410 4000
utbod@landsbankinn.is

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka
Sími: 440 4000
utbod@islandsbanki.is

icelandairgroup.is

ICELANDAIR GROUP

Ísland með strönguslu skilyrði ferðamanna innan EES-svæðisins

COVID-19 Ísland er það land innan Evrópusambandsins og EES-svæðisins sem er með strönguslu skilyrðin fyrir komu ferðamanna til landsins. Þessar upplýsingar má finna á rafrænu korti á vefsíðu á vegum Evrópusambandsins. Þar er löndunum skipt í rauð, gul eða grænn svæði í takt við takmarkanirnar. Ísland er eina landið sem er með rauða merkingu en öllum ferðamönnum er skylt að sæta fjórtán daga sóttkví eða undirgangast tvær skimanir fyrir kórónaveirunni auk fimm daga sóttkvíar á milli prófa.

Gul lönd í Evrópu, þar á meðal Noregur, Finnland og Þýskaland, eiga það nánast öll sameiginlegt að vera með lista yfir örugg lönd og er landið opið fyrir ferðamenn sem koma frá þessum löndum. Ferðamenn frá öðrum löndum þurfa í flestum tilvikum að undirgangast skimun á landamærum eða þá að

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF

sýna fram á vottorð fyrir mótefni gegn veirunni.

Grænn lönd, þar á meðal Svíþjóð, Frakkland og Pólland, eru opin fyrir öllum ferðalöngum frá Evrópusambands- og EES-löndunum.

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, SAF, segir að upplýsingarnar staðfesti það sem samtökin hafi bent á frá því að tilhögun sóttvarna á landamærunum var breytt í sumar, að Ísland sé með strönguslu ferðatakmarkanir í Evrópu. „Það er greinilegt þegar við berum til dæmis saman flug til annarra áfangastaða innan Evrópu og flug til og frá Íslandi að þessar strönguslu ferðatakmarkanir hafa haft slæm áhrif á ferðalög til Íslands.“ Hann segir að sú niðurstaða hafi verið viðbúin og eitthvað sem SAF hafi varað við. „Flugum til og frá Íslandi hefur fækkað mun meira en flugi annars staðar í álfunni. Sömu sögu er að segja um aðra ferðaþjónustustarfsemi sem hrundi í kjölfarið á breytingunni,“ segir Jóhannes. **– þþ**

Tryggvi Felixson er formaður Landverndar. MYND/AÐSEND

Lítil sveitarfélög geti ekki talist hlutlaus aðili

UMHVERFISMÁL Landvernd hefur kvartað til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna ófullnægjandi innleiðingar á EES-tilskipun um lög um mat á umhverfisáhrifum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.

Lög um umhverfisvernd breyttust á síðasta ári eftir úrskurð EFTA-dómstólsins.

Í kvörtuninni kemur meðal annars fram að í mörgum tilvikum séu leyfisveitendur mjög lítil sveitarfélög sem geti átt von á umtalsverðum tekjum, sérstaklega þegar um stórar framkvæmdir er að ræða. Í slíkum tilvikum geti leyfisveitendur ekki talist hlutlausir og þar af leiðandi ekki lögbær yfirvöld til að taka afstöðu til leyfa.

Íslenskum lögum um umhverfismat var breytt í júlí í fyrra eftir að EFTA-dómstóllinn hafði komist að þeirri niðurstöðu að EES-tilskipun um umhverfismat hefði ekki verið innleidd með réttum hætti.

Að því er fram kemur í tilkynningu Landverndar lýtur kvörtunin til ESA að því að breytingin hafi ekki verið fullnægjandi, meðal annars vegna þess að lögin áskilji ekki að hlutleysi leyfisveitenda sé tryggt og að þeir eigi ekki verulegra hagsmuna að gæta vegna framkvæmdar eða starfsemi sem veitt er leyfi fyrir. **– aá**

Hnífstunguárásarmaður bíður dóms vegna frelsissviptingar

Karlmaður á fertugsaldri, sem á dögunum var ákærður fyrir tilraun til manndráps fyrir hnífstunguárás gegn leigusala sínum, bíður einnig ákæru fyrir frelsissviptingu og ofbeldisbrot fyrr á árinu. Maðurinn á langan sakaferil að baki og var á árum áður margsinnis kærður fyrir vörslu eiturlyfja og líkamsárásir.

SAKAMÁL Um helgina greindi fréttastofa Stöðvar 2 frá því að karlmaður á fertugsaldri hefði verið ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að ráðast á kvenkyns leigusala sinn í sumar. Árásin á að hafa átt sér stað að morgni 15. júní síðastliðins en þá birtist maðurinn í annarlegu ástandi og vopnaður hnífi á heimili konunnar.

Á hann að hafa hótað konunni lífláti og reynt ítrekað að stinga hana með eggvopninu. Leigusalinn náði að verjast mörgum stungum en hlaut þó alls ellefu skurði og stungusár í árásinni. Að lokum tókst fórnarlambinu að gera lögreglu viðvart. Lögreglan þurfti hjálp sérsveitarinnar til að yfirbuga manninn og þurfti meðal annars að beita táragasi og gúmmískotum. Konan er ekki í lífshætta eftir árásina og mun ná fullum bata.

Tveimur mánuðum áður er talið að sami maður hafi svipt annan mann frelsi í nítján klukkustundir og veitt viðkomandi margs konar áverka. Mennirnir þekktust lítillega en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn einnig í annarlegu ástandi meðan á ofbeldinu stóð. Var hann haldinn ranghugmyndum þess efnis að kunninginn hefði leitt sig í gildru og valdið sér skaða.

Meðan á frelsissviptingunni stóð beitti maðurinn kunningja sinn margs konar ofbeldi. Meðal annars handleggsbraut hann manninn og braut að auki í honum sex rifbein. Að lokum tókst fórnarlambinu að sannfæra manninn um að hringja í bróður sinn með þeim rökum

Maðurinn frelsissvipti kunningja sinn í nítján tíma áður en lögreglu bar að garði fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Meðal annars handleggsbraut hann manninn og braut að auki í honum sex rifbein.

að viðkomandi væri á bandi gerandans. Svo reyndist ekki vera en bróðirinn hringdi í kjölfarið til lögreglu sem kom á vettvang og handtók gerandann.

Samkvæmt heimildum blaðsins var maðurinn vistaður á réttargeðdeild eftir árásina og átti að dvelja þar í mánuð. Honum var hins vegar sleppt út eftir tæpar þrjár vikur fyrir góða hegðun. Rúmum mánuði síðar réðst hann á leigusala sinn með áðurnefndum afleiðingum.

Maðurinn á langan sakaferil að baki og var á árum áður margsinnis dæmdur fyrir vörslu stera og eiturlyfja auk þess að hljóta dóma fyrir líkamsárásir. Hann hafði afplánað dóma sína og var ekki á sakaskrá þegar ofangreindar árásir eru sagðar hafa átt sér stað.

bjornth@frettabladid.is

Háskólaútibú á Austurlandi verður að veruleika

AUSTURLAND Um helgina undirritaði Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, starfssamning um undirbúning stofnunar háskólaútibús og kennslu á háskólastigi á Austurlandi. Undirritunin fór fram á Reyðarfirði og er markmið samningsins að tryggja áframhaldandi uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi. Fyrsta skrefið er að setja á laggirnar frumgreinadeild sem hefst næsta haust.

Í fréttatilkynningunni sem mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi frá sér kemur fram að í skipulagi samningsins sé horft til þarfa og styrkleika atvinnulífs á Austurlandi. Í framhaldi af námi í frumgreinadeild verði boðið upp á grunnnám í hagnýtri iðnaðartæknifræði til B.Sc. gráðu. Það yrði í fyrsta sinn sem boðið yrði upp á tæknifræðinám utan höfuðborgarsvæðisins og er áætlað að námið, sem er 210 ECTS einingar, taki þrjú og hálft ár.

Þetta er mikið fagnaðarerindi fyrir okkur hér og allt Austurland.

Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar

Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, segir fagnaðarefni að fá nám á háskólastigi á Austurlandi eftir áralanga vinnu í rétta átt. „Þetta er afrakstur margra ára vinnu sem bæjarstjórinn sem var á undan mér byrjaði með fyrirtækjunum hér í bænum. Þetta er mikið fagnaðarerindi fyrir allt Austurland,“ sagði Karl og sagði að námsúrvalið yrði miðað að helstu starfsmöguleikunum á svæðinu.

„Við höfum til þessa ekki geta boðið upp á menntun á háskólastigi hér á Austurlandi og verður námið sérsniðið að iðnfyrirtækjunum hér, fiskvinnslufyrirtækjunum og álverinu. Þetta er hugsað í tengingu við þessar helstu atvinnugreinar okkar. Í aðdraganda þessarar niðurstöðu, þegar var verið að smíða þessa hugmynd komu fyrirtækin að þessu, hugmyndafræðilega og fjárhagslega ásamt Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði.“

Aðspurður tók Karl undir að þetta væri fyrsta skrefið í átt að háskólastofnun á Austurlandi en hann var raunsær þegar hann benti á erfiðleikana við að reka slíka stofnun á Austurlandi vegna fólksfjölda.

„Auðvitað væri frábært að hafa háskólastofnun á Austurlandi sem sinnti öllum þörfum þeirra sem búa á Austurlandi með einum eða öðrum hætti en vitum að við erum tíu þúsund og erum því raunsæ.“ **–kpt**

Mössun og keramíkhúðun

Motormax býður
SONAX® keramíkhúðun
á frábæru **kynningarverði**

Litlir fólksbílar	Verð frá 79.900 kr.
Stórir fólksbílar & jepplingar	Verð frá 99.900 kr.
Jeppar	Verð frá 109.900 kr.
Breyttir bílar & sendibílar	Verðtilboð





Starfsmenn Motormax dekra við bílinn með SONAX® vörum

Profiline CC36 (ceramic coating 36) frá Sonax veitir lakki bílsins langtímavörn gegn UV geislum, eiturefnum og öðrum umhverfisáhrifum, svo sem salti, tjöru og vegryki. Umbreyttar nanóagnir tengjast saman og mynda þannig sérlega sterkan varnarhjúp svo að yfirborðið verður einstaklega vatnsfráhrindandi, hrindir frá sér ryki og verður sérlega auðvelt í þrifum. Varnarhjúpurinn eykur styrk og mótstöðu lakksins, gefur hámarksgljáa, friskar upp á liti og veitir þeim um leið einstaka dýpt.

Vörnin endist í allt að 36 mánuði sé bíllinn þjónustaður árlega.

Bókaðu tíma í keramíkhúðun hjá Motormax í síma 545 4040 eða á motormax@motormax.is

MotorMax Bónstöð

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Heimsfaraldurinn hefur haft óveruleg áhrif á plötusölu. MYND/EPA

Selja fleiri plötur en diska

BANDARÍKIN Sala á vínylplötum hefur verið meiri en á geisladiskum það sem af er ári. Er þetta í fyrsta sinn sem plötur seljast meira en geisladiskar í Bandaríkjunum frá árinu 1986. Samkvæmt nýrri skýrslu samtaka plötuútgefenda vestanhafs seldust plötur fyrir andvirði 232 milljóna dollara á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 129 milljóna dollara sölu á geisladiskum. Hefur sala á plötum aukist um 4 prósent milli ára á meðan sala á geisladiskum er áfram í frjálsu falli. Sala á tónlist í gegnum streymisveitur heldur áfram að aukast og nam salan um 4,8 milljörðum dollara á sama tímabili. **– ab**

Sökuð um falskar árásir gegn sjálfri sér og sambýlismanni

Laila Anita Bertheussen, sambýliskona fyrrverandi dómsmálaráðherra Noregs, hefur verið ákærð fyrir að setja á svið árásir í garð sjálfrar sín og sambýlismanns síns. Árásirnar fela meðal annars í sér skemmdarverk og íkveikju. Verði Bertheussen dæmd sek getur hún átt von á allt að sextán ára fangelsisdómi.

NOREGUR Réttarhöld yfir Lailu Anitu Bertheussen, sambýliskonu Tors Mikkels Wara, fyrrverandi dómsmálaráðherra Noregs, standa nú yfir í Osló. Bertheussen hefur verið ákærð fyrir að setja á svið árásir í garð sambýlismanns síns, sjálfrar sín og norskra embættismanna ásamt því að stofna lýðveldi ríkisins í hættu. Bertheussen á yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi verði hún fundin sek en hún neitar sök í málinu.

Bertheussen er meðal annars sökuð um að hafa kveikt í bíl sambýlismanns síns við heimili þeirra og að hafa teiknað hakakross og ritað orðið „racist“ á hús þeirra. Þá er hún einnig sögð hafa sent hótunarbréf til öryggismálaráðherra Noregs, Ingvils Smines Tybring-Gjedde, og á sitt eigið heimili. Wara sagði af sér embætti ráðherra í mars í fyrra þegar sambýliskona hans var bendluð við málið. Hann sat í embætti fyrir norska Framfaraflokkinn sem lengi hefur setið í ríkisstjórn með hægri flokkum landsins. Þá hefur Wara verið umdeildur í málum innflytjenda.

Saksóknari málsins, Marit Formo, sagði í upphafsræðu sinni í réttarsal ætlun Bertheussen hafa verið þá að láta líta út fyrir að einhver úr leikritinu Ways of seeing hefði staðið að þeim gjörðum sem hún er sökuð um. Leikritið, sem sett var upp af leikfélaginu Black Box og sýnt í Noregi árið 2018, fjallar um rasisma og kynþáttahyggju í landinu og blandast norskt stjórnmálalíf inn í leikritið. Þá mátti sjá myndir af heimilum norskra stjórnmálamanna í sýningunni, þar á meðal heimili Wara og

Bertheussen er sökuð um að hafa teiknað hakakross og ritað orðið rasisti á hús þeirra í Noregi. MYND/GETTY

> **Bertheussen á yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi verði hún fundin sek en hún neitar sök í málinu.**

Bertheussen, og var því haldið fram að þau væri meðal þeirra sem gerðu Noreg að rasísku samfélagi.

„Að okkar mati hafa aðstæðurnar með þetta leikrit að gera,“ segir Formo. „Við teljum leikritið og atburði í kjölfar þess hafa orðið til þess að sú ákærða framdi verknaðinn.“ Í dómssal kom það fram að þann 28. nóvember árið 2018 hefði Bertheussen farið á sýningu á Ways of seeing ásamt vinkonu sinni, tóku þær upp hluta sýningarinnar á síma sína og fóru áður en sýningunni lauk. Í desember saman ár lagði Bertheussen svo fram formlega kvörtun gegn Black Box um brot á friðhelgi einkalífsins.

Fyrsta hótunarbréfið barst svo á heimili Wara og Bertheussen 6. desember 2018 og náðu árásirnar hámarki þegar kveikt var í bíl Wara í mars í fyrra.

Ákæruvaldið er sagt búa yfir fjölda sönnunargagna í málinu, til að mynda gögnum úr farsíma og tölvu Bertheussen þar sem sést að hún hafði rannsakaðar leikstjóra verksins á internetinu. Þá mun rithandarsérfræðingur bera vitni um að hún hafi skrifað bréfin og framið skemmdarverkin.

Þá munu einnig vera til gögn því til staðfestingar að sá sem lagði eld að bíl Wara hafi verið einhver sem var inni í húsi hans og Bertheussen. Samkvæmt Formo var hliði við húsið læst með öryggiskóða. „Ekki nema einhver utanaðkomandi aðili hafi farið inn fyrir hliðið og kveikt eldinn án þess að sjást á myndavélum og án þess að öryggiskerfi hafi farið í gang.“

birnadrofn@frettabladid.is

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

HLUTAFJÁRÚTBOÐ
25.-28. SEPTEMBER

Stjórn Regins hf. ákvað þann 14. september að nýta heimild í 4. gr. samþykkta félagsins sem samþykkt var á hluthafafundi Regins 9. september 2020 og hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 40.000.000 að nafnverði. Hlutirnir verða boðnir til sölu í forgangsréttarútboði og skulu hluthafar því njóta forgangsréttar um hið nýja hlutafé miðað við hlutafjáreign sína („útboðið“). Heildarfjöldi útgefinna hluta í Reginn fyrir útboðið er kr. 1.783.152.097 og nemur hækkun um 2,2% miðað við núverandi hluti og að áskriftir fáist fyrir allri hækkuninni. Andvirði útboðsins hyggst Reginn nýta til að styrkja lausafjár- og eiginfjárstöðu félagsins.

Helstu skilmálar útboðsins:

- Um er að ræða forgangsréttarútboð til hluthafa og eiga hluthafar rétt á nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína í hlutaskrá Regins hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð í lok dags 24. september 2020 og mögulegt framsal forgangsréttar til sín samkvæmt skilmálum útboðsins.
- Útboðsgengi hinna nýju hluta er 15,0 kr. á hlut.
- Áskrifendur munu fyrst fá úthlutað hlutum byggt á hlutfallslegum (pro-rata) forgangsrétti áskrifenda að nýjum hlutum Regins hvort heldur áskrifendurnir njóta slíks réttar á grundvelli hlutafjáreignar sinnar, ellegar þess að hafa fengið forgangsréttinn framseldan til sín í samræmi við skilmála útboðsins. Komi til þess að einhverjir forgangsréttarhafar nýti ekki forgangsrétt sinn, þá verður þeim nýju hlutum sem áskrift fæst þannig ekki fyrir úthlutað til annarra forgangsréttarhafa sem lýst hafa sig reiðubúna til að skrifa sig fyrir hinum nýju hlutum umfram forgangsrétt sinn. Mun úthlutun til slíkra fjárfesta fara fram í réttu hlutfalli við hlutafjáreign hvers og eins þeirra.
- Engin lágmarksfjárhæð er á áskriftum í forgangsréttarútboðinu.
- Tekið verður við áskriftum á vef Íslandsbanka hf. (www.islandsbanki.is/reginn-utbod) frá kl. 9:00 (GMT) þann 25. september 2020 til kl 17:00 (GMT) þann 28. september 2020.
- Áætlað er að niðurstöður útboðsins verði tilkynntar 29. september 2020 og er áætlaður gjalddagi og eindagi þann 1. október 2020.
- Stefnt er að afhendingu og töku nýrra hluta til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq eins fljótt og auðið er eftir útgáfu hlutabréfa hjá fyrirtækjaskrá Skattsins og er áætluð dagsetning 2. október.
- Upplýsingar og tæknilega aðstoð má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. í síma 440-4000 milli kl. 09:00 og 16:00 dagana 25. september til 28. september 2020 og tölvupóstfanginu reginn-utbod@islandsbanki.is.

Nánari upplýsingar má finna í skilmálum útboðsins á vefsíðu félagsins www.reginn.is.

Kópavogur, 14. september 2020.
Stjórn Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is

Allt er komið í háaloft á breska þinginu á nýjan leik. MYND/GETTY

Ósætti innan Íhaldsflokksins vegna löggjafar um Norður-Írland

BRETLAND Um 20 þingmenn Íhaldsflokksins eru mótfallnir þeirri löggjöf sem nú er til umræðu og sem Evrópusambandið telur vera brot á útgöngusamningnum. Með löggjöfinni yrði samkomulag um að Norður-Írland yrði í raun og veru áfram hluti af innri markaði sambandsins en Bretland ekki úr sögunni.

Þeir þingmenn sem um ræðir eru flestir lögfræðingar eða lögmenn sem óttast um starfsframa sinn eftir þingsetu. Segjast þeir ekki geta stutt frumvarp sem sé blákalt brot á alþjóðalögum. Óljóst er hvort hópurinn muni sitja hjá eða kjósa á móti frumvarpinu þegar kemur að því að kjósa um það.

„Margir okkar eiga í erfiðleikum með að styðja frumvarpið því að við komum á þingið til að efla stöðu Bretlands alþjóðavettvangi,“ segir Tobias Ellwood, þingmaður frá Bournemouth. „Nú skortir okkur stjórnmálalega forystu og við getum ekki borið höfuðið hátt ef við brjótum alþjóðalög.“

Bendir hann einnig á að skaðinn sem Bretland verði fyrir snúist einnig um samband landsins við Bandaríkin. Nanci Pelosi þingforseti hótaði í síðustu viku að ekkert yrði úr verslunarsamningi milli Bretlands og Bandaríkjanna yrði frumvarpið samþykkt.

Þó að allir þingmennirnir 20 veldu að kjósa á móti frumvarpinu myndi það ekki duga til að fella það. Íhaldsflokkurinn hefur 365 af 650 þingsætum eftir stórsigur í kosningunum árið 2019. Klofningurinn yrði þó vatn á myllu stjórnarandstöðunnar og þeirra sem gagnrýna frumvarpið erlendis. **– khg**

BORÐSTOFU DAGAR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BORÐSTOFUBORÐUM

ÞAÐ ER FÁTT SEM SAMEINAR FJÖLSKYLDUNA
BETUR EN GÓÐ SAMVERUSTUND Á HEIMILINU.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Örvænting

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Kynningarefni þjóðkirkjunnar fyrir Sunnudagaskólann, þar sem sjá má mynd af eldhressum Jesús Kristi, dansandi undir regnboga, skeggjuðum með brjóst, hefur vakið athygli undanfarið.

Ef markmiðið hefði verið að skapa umtal, þá væri þetta algjör negla hjá þjóðkirkjunni en líklega var takmarkið annað. Hin sterka staða sem þjóðkirkjan hefur haft hér á landi sögulega séð fer dvínandi og eðlilegt að kirkjan reyni að sporna við þeirri þróun. Ár frá ári fjölgar þeim sem kjósa að standa utan trúfélaga og telja þeir í dag í kringum fimmtung landsmanna. Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá fækkaði mest í þjóðkirkjunni af öllum trúfélögum það sem af er liðið þessu ári og í vikunni eftir þetta útspil kirkjunnar var merkjanleg fjölgun í úrsögnum.

Það má velta því fyrir sér hverjir bregðast svo ókvæða við. Líklega eru það ekki þeir sem tilheyra frjálslyndasta armi safnaðarins, þeir eru löngu farnir.

Þeir sem kveðja núna vegna þessara myndbirtinga gætu haft alla vega tvær ástæður til þess: Annars vegar vegna þess að viðkomandi er transfób. Hins vegar vegna þess að viðkomandi hefur alist upp með þjóðkirkjunni, hefur lesið Biblíuna, trúir, en finnur hvergi í Biblíunni stað þar sem hægt er að kvengera Jesú.

Af öllu því sem í Biblíunni eru tíundað um dvöl Jesú á meðal manna er ólíklegt að riturum hennar hafi yfirsést að hann hafi verið með fagursköpuð kvenmannsbrjóst. Það hefði breytt ýmsu um túlkun orða hans og gjörða. Það er nóg að hafa stundað leikmannslestur á Biblíunni til að setja grundvallarspurningarmerki við þetta útspil sem í raun er gagnger endurskoðun á persónu Krists.

Margar spurningar vakna: Hver ákvað þetta? Hvernig? Hversu margir og í hvaða umboði? Hvert var markmiðið? Nokkrum dögum eftir myndbirtinguna baðst kirkjuþing afsökunar. Á hverju? Hver er eða var stefnan, eða skilaboðin?

Biskup Íslands hefur beðið samkynhneigða afsökunar fyrir hönd kirkjunnar en kirkjan var eins og frægt er treg til að viðurkenna hjónabönd þeirra. Ekki er liðinn nema einn áratugur frá því að lagabreyting var gerð og hjónabönd samkynhneigðra voru leyfð. Nú virðist kirkjan ætla að stíga skrefi lengra. Hún minnir á miðaldra pabba sem hamast við að sýna fram á að hann sé ekki gamaldags afturhaldsseggur heldur flippaður og hress gaur sem fílar alla.

Ég hef ekki heyrt í þeim sem fannst þetta útspil kirkjunnar hafa talað til sín. Viðbrögðin eru alls konar, allt frá reiði yfir vanhelgun og yfir í aðhlátur.

Svo virðist sem lagt hafi verið af stað án þess að átta sig á markmiðinu. Ef ætlunin var að fá transfólk til að streyma í messu mistókst það og hefur kirkjan verið sökuð um „pink-washing“ – að gefa sig út fyrir að vera vinveitt LGBTQ-fólki þótt ekki sé endilega innistæða fyrir því.

Skiljanlega er erfitt fyrir kirkjuna að sigla inn í nútímann vopnuð tvö þúsund ára gömlum leiðarvísi. Eitt er víst að tímarnir breytast, og mennirnir sem betur fer með. Þetta gæti orðið stormasamt samband.

Kirkja sem giftist samtímanum verður fljótt ekkja, og ein.

Viðbrögðin eru alls konar, allt frá reiði yfir vanhelgun og yfir í aðhlátur.

Halldór

Frá degi til dags

Særingar

Það virtist á tímabili að Þjóðkirkjan hefði bakkað með þá stefnu að vera með vélbyssu miðaða á eigin fót. Mættur var nýr samskiptastjóri í brúna og ekki var lengur neitt vafamál hvort hempuklæddir kynferðisbrotamenn væru undanþegnir vítisdvöl eða ekki. Þá kom Trans-Jesú til sögunnar. Farið var af stað með metnaðarfulla herferð til að undirstrika umburðarlyndi kirkjunnar og vekja athygli á gefandi barnastarfi. Allt það fór svo fyrir bí þegar kirkjuþing tilkynnti að Trans-Jesú væri særandi. Má því segja að með Trans-Jesústrætisvagninum muni kirkjan stunda særingar á götum úti næstu vikurnar.

Óvinnandi

Krabbameinsfélagið hefur þurft að svara fyrir margt síðustu vikur. Nú hefur félagið tekið upp á því að auglýsa eftir nýjum kynningarfulltrúa. Í auglýsingunni sem finna má á Alfreð-appinu er tekið fram að starfið sé spennandi, það þarf ekki að draga í efa. Má segja að þarna sé svokallað „win-win“ tækifæri í boði. Ef það tekst að grafa félagið upp úr núverandi holu þá yrði það afrek á berfættur–á–Everest-skala. Ef holan dýpkar, þá er afsökunin alltaf að verkið hafi verið óvinnandi.

arib@frettabladid.is

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður og situr í Norrænu sjálfbærninefndinni

Á dögunum voru kynntar tilnefningar til umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2020 og er afar ánægjulegt að sjá að fyrir hönd Íslands sé ferðaskrifstofan Borea Adventures á Ísafirði tilnefnd. Þema umhverfisverðlaunanna í ár er líffræðileg fjölbreytni og endurspeglar og styður við 14. og 15. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um líf í hafi og á landi. Þema verðlaunanna að þessu sinni á vel við en líffræðileg fjölbreytni er undirstaða velferðar og grundvöllur tilveru okkar en með heilbrigði vistkerfa og fjölbreytileika innan tegunda er áfram tryggt að þróun verði meðal tegunda. Margt getur ógnað líffræðilegum fjölbreytileika og er það flest af manna völdum svo sem með búsvæðaeyðingu, innfluttum og ágengum tegundum, ofnýtingu landsvæða og með loftslagsbreytingum. Það er því mikilvægt að hafa hugfast og minna á þýðingu líffræðilegs fjölbreytileika. Þess vegna renna umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs í ár til einhvers sem hefur lagt eitthvað sérstakt af mörkum til verndar fjölbreytileika í náttúrunni.

Borea Adventures er vel að tilnefningunni komið en hjá fyrirtækinu er unnið að verndun fjallarefsins með vísindafólki frá Náttúrufræðistofnun og Melrakkasetri Íslands til þess að tryggja að starfsemin fari fram bæði á faglegan og sjálfbæran hátt. Fjallarefurinn, einnig nefndur heimskautarefur, er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi. Hann gegnir mikilvægu hlutverki í íslenskri náttúru vegna þess að hann er eina rándýrið sem er til staðar á náttúrlegum forsendum. Ferðaskrifstofan hefur sýnt að með starfsemi sinni geti verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær ferðamennska farið saman. Með því að leggja áherslu á mikilvægi tegundarinnar fyrir vistkerfið á Íslandi og takast á við fordóma um að fjallarefurinn sé meindýr sem eyðileggur náttúruna vill Borea Adventures snúa almenningsálitinu á sveif með þessu litla rándýri. Það verður því spennandi að sjá hvort íslenski fjallarefurinn fari með sigur úr býtum þann 27. október næstkomandi þegar vinningshafinn verður kunngerður.

Ferðaskrifstofan hefur sýnt að með starfsemi sinni geti verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbær ferðamennska farið saman.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Bíó Paradís lifir

Dóra Björt
borgarfulltrúi
Pírata

Það væri ekki gaman í Reykjavík án menningar. Menning er tifandi hjartsláttur okkar lifandi borgarsamfélags. Menning er þéttofinn hluti af sjálfsvitund okkar, andblærinn sem fleytir okkur í gegnum harðan vetur og lyftir okkur til flugs um sumarnætur. Hvort sem það eru söfnin, bækurnar, tónlistarsenan, leiklistarheimurinn eða Bíó Paradís, þá glæðir þetta allt og meira til lífið sínum björtustu litum.

Í Bíó Paradís hef ég einmitt séð líf Vincent van Gogh glætt björtum litum handmálaðra ramma í stíl listamannsins. Heill her listmálara hafði skapað fjölmörg listaverk sem öll komu saman í þessa merkilegu sögu. Í Bíó Paradís hef ég horft á The Room, sem sum vilja meina að sé versta mynd allra tíma, og kastað plastskeiðum að skjánum á viðeigandi augnablikum (lestu þér til um myndina, þá skilurðu). Í Bíó Paradís hef ég séð kvikmyndir sem ég hefði hvergi annars staðar fengið tækifæri til að sjá.

Því var það erfið fregn að fá í vor að Bíó Paradís skyldi lokað vegna breyttra aðstæðna. Þessi vin á Hverfisgötunni hefur öðlast mikilvægan sess í menningarlífi landsins. Hér hafa listahátíðirnar, viðburðirnir, tilraunirnar og veislurnar átt sér stað. Hér hefur verið hægt að sjá fleiri kvikmyndir en bara tvær, þrjár síðustu ofurhetjumyndirnar. Í dag fögnum við því að Bíó Paradís á 10 ára afmæli. En líka því að okkur tókst að ná samkomulagi við ríkið og rekstraraðila og finna leið til að halda þessari paradís opinni áfram.

Staðir eins og Bíó Paradís eru auðlind fyrir samfélagið. Hjálpa okkur að skilja okkur sjálf betur og setja okkur í fótspor annarra.

Staðir eins og Bíó Paradís eru auðlind fyrir samfélagið. Hjálpa okkur að skilja okkur sjálf betur og setja okkur í fótspor annarra. Það er dýrmætt að hafa aðgang að slíkri menningarstofnun sem leggur áherslu á breidd og fjölbreytileika og sinnir fræðslu á lýðræðislegan máta. Bíó Paradís eykur þar að auki samkeppnishæfni borgarinnar og gerir hana aðlaðandi valkost við sínálægari borgir nágrannalandanna og gerir það eftirsóknarverðara að búa hér, starfa og vera. Á því græðum við öll sem eitt. Gróskumikið menningarlíf skiptir sumsé máli.

Bíó Paradís lifir. Svo mikið er víst. Innan skamms streyma forvitnir áhorfendur inn í salina. Sögurnar flæða á skjánum á ný í takt við tifandi hjarta borgarinnar.

Hagkvæmt húsnæði fyrir almennan markað

Egill Þór Jónsson
borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins

Borginni hefur undirfarin ár gengið illa að svara ákalli um hagkvæmt húsnæði fyrir almennan markað.

Á borgarstjórnarfundi í dag leggur Sjálfstæðisflokkurinn fram tillögu um að breytingar verði gerðar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar sem heimilar íbúðabyggð í Örfirisey og í Keldnalandinu. Þar verði áhersla lögð á uppbyggingu hagkvæms húsnæðis fyrir almennan markað. Enn fremur er lagt til að skipulagðar verði atvinnulóðir á Keldnasvæðinu með það að markmiði að koma á jafnvægi í borginni og minnka umferðarálagið til vesturs. Þegar húsnæðisáætlun borgarinnar er skoðuð er gat upp á 4.000 íbúðir.

Borginni hefur undirfarin ár gengið illa að svara ákalli um hagkvæmt húsnæði fyrir almennan markað. Uppsöfnuð húsnæðisþörf borgarinnar hefur haft þær afleiðingar að fólk flyst í auknum mæli í nágrannasveitarfélög borgarinnar sem og á Reykjanesið og sveitarfélögin á Suðurlandi. Þá hefur flótti fyrirtækja og stofnana ríkisins úr borginni verið umtalsverður þar sem borgin hefur ekki boðið upp á heppilegar lóðir undir rekstur. Því má segja að verkefni borgarinnar hvað hagkvæmt húsnæði varðar hafi ekki gengið eftir, enda hafa verktakar ítrekað neyðst til að skila lóðum, sem ætlaðar voru undir hagkvæmt húsnæði vegna of mikils kostnaðar. Ástæður þess voru meðal annars hátt lóðarverð og innviðagjald. Augljós valkostur er að leyfa byggingu hagkvæms húsnæðis í Örfirisey í Vesturbænum annars vegar og á Keldnalandinu hins vegar. Ein forsenda samgöngusáttmálans er skipulagning Keldnalandsins. Jafnframt er lagt upp með það í Lífskjarasamningunum og tillögu ríkisins er varðar húsnæðisuppbyggingu fyrir alla, að Keldnalandið verði skipulagt fyrir íbúðabyggð og það hefjist á árinu 2019. Nýsamþykkt frumvarp um svokölluð hlutdeildarlán á Alþingi setur enn meiri þrýsting á Reykjavíkurborg um að huga að uppbyggingu hagkvæms húsnæðis fyrir almennan markað.

Það eru því sóknarfæri að hefjast handa við skipulagningu á svæði Keldnalandsins og í Örfirisey til þess að koma til móts við þarfir eftirspurnar um hagkvæmt húsnæði fyrir almennan markað, auk þess að koma í veg fyrir enn meiri flótta fyrirtækja og stofnana úr borginni.

ORKUSJÓÐUR

Orkusjóður auglýsir styrki til orkuskipta 2020

Innviða- og verkefnastyrkir vegna áherslu stjórnvalda um orkuskipti og nýtingu endurnýjanlegrar orku. Heildarfjárhæð til úthlutunar er 180 m.kr.

1. **Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki (s.s. heimsendingaþjónusta, bílaleigur, leigubílar og annar rekstur). Krafa er um eftirfarandi skilyrði:**
   a. 10 bifreiðar eða 2 hópbifreiðar að lágmarki í flota.
   b. Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.
2. **Innviðastyrkir fyrir vistvæn ökutæki við opinbera staði (s.s. hleðslustöðvar við sundlaugar, heilsugæslur, skóla, hafnir/flugvelli, heimahjúkrun, félagaþjónustu, vaktbíla).**
   a. Styrkir geta að hámarki numið 50% af áætluðum stofnkostnaði.
3. **Verkefnastyrkir fyrir rekstur í haftengdri starfsemi (s.s. fiskeldi, ferðaþjónusta, smábátar).**
   a. Með verkefnastyrki er átt við að samstarfsaðilar komi saman að skilgreiningu heildarverkefnis sem lúti bæði að innviðauppbyggingu í landi sem og að búa báta með mestu lengd allt að 15 metrum til nýtingar á endurnýjanlegu eldsneyti. Aðilar að skilgreindu verkefni ákveði hvernig styrkupphæð skiptist á milli hluteigandi aðila. Skilyrði að samkomulag sé til staðar við viðkomandi höfn. Styrkir geta að hámarki numið 33% af áætluðum stofnkostnaði.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að forgangsraða styrkjum í samræmi við áherslur stjórnvalda við orkuskipti, s.s. líta til þess hversu líklegt er að styrkhæft verkefni hraði orkuskiptum og hversu mikil áhrif það hefur til minnkunar á kolefnisfótspori. Einnig verður horft til dreifingu verkefna um landið og hversu hratt þau eru talin koma til framkvæmda. Styrkupphæð til hvers verkefnis ræðst af getu sjóðsins og fjölda umsókna.

Umsóknarfrestur er til 20. október 2020

Umsóknir skulu sendar gegnum þjónustugátt Orkustofnunar: **gattin.os.is**
Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri. Sími: 569 6083. Netfang: **rka@os.is.**

ORKUSTOFNUN ORKUSJÓÐUR

Andri skráður á leikskýrsluna klæddur á borgaralegan hátt

Andri Adolphsson, leikmaður Vals, var skráður á skýrslu liðsins gegn Víkingi. Andri hefur ekkert komið við sögu í leikjum Vals þetta sumarið eftir að hafa fengið högg á hnakkann í Lengjubikarnum gegn ÍBV í febrúar. Hann glímir enn við eftirköstin en ætlar að jafna sig fyrir sitt stærsta hlutverk, föðurhlutverkið.

FÓTBOLTI Margir Valsmenn glöddust við að sjá Andra Adolphsson í leikmannahóp liðsins gegn Víkingi á sunnudagskvöld. Það var þó hálfgerð falsfrétt. Andri segir að hann sé ekki alveg kominn á þann stað að vera farinn að taka fullan þátt í æfingum en hann glímir enn við eftirköstin af höfuðhöggi sem hann varð fyrir í fyrri hálfleik gegn ÍBV í Lengjubikarnum í febrúar. Þó að batinn sé hægur ætlar hann sér að ná fullri heilsu áður en hann verður pabbi í fyrsta sinn í nóvember. Settur dagur er 6. nóvember.

„Ég var í raun og veru ekki í hóp. Það vantaði menn og liðsstjóranum fannst sniðugt að setja mitt nafn á blað. Staðan á mér er samt nokkuð góð þó ég sé ekki klár að spila leik. Ég kláraði tvær æfingar í síðustu viku og skallaði boltann í fyrsta skipti þannig þetta styttist. Það var þó kannski aðeins full snemmt að henda mér í hópinn," segir hann og hlær.

Hann segir að batinn hafi verið hægur og þau skipti sem hann hafi verið nálægt því að fara aftur af stað hafi komið bakslag. „Mér skilst að ferlið í þessu sé þannig. Kúrfan er því miður ekki bara beint upp heldur gengur hún upp og niður. Það er erfitt að eiga við þetta og líka erfitt að átta sig á því hvar maður er staddur. Þetta er svolítið krefjandi því allt lítur vel út núna en það er ekkert í fyrsta sinn sem það gerist.

Ég vona samt að ef allt gengur vel í vikunni þá fari ég að verða klár," segir kantmaðurinn knái sem var valinn besti leikmaður Vals á síðasta tímabili.

Andri vinnur hjá Deloitte þar sem hann er ráðgjafi í upplýsingatæknigeiranum. Hann segir að það hafi verið erfitt að vinna fyrir framan tölvuskjá fyrst um sinn en allt sé þó á réttri leið – líkt og á æfingum. „Ég áttaði mig í raun ekki á alvarleikanum fyrr en ég mætti í vinnuna á mánudagsmorgni. Þá gat ég varla horft á tölvuskjáinn eða sjónvarp. Núna er þetta þannig að ég vinn í klukkutíma eða 90 mínútur og stend þá upp og tek mér örlitla pásu og loka augunum í fimm mínútur. Ég vinn samt alveg fullan dag og það er ekkert mál."

Andri á fullri ferð með Valsmönnum. Hann hefur ekki náð fullum bata eftir höfuðhögg í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er erfitt að eiga við þetta og líka erfitt að átta sig á því hvar maður er staddur. Þetta er svolítið krefjandi því allt lítur vel út núna en það er ekkert í fyrsta sinn sem það gerist. Ég vona samt að ef allt gengur vel í vikunni þá fari ég að verða klár.**

Ekki harka af þér höfuðhögg, er áminning KSÍ um hversu alvarleg höfuðhögg geta verið og stutt er síðan Kveikur fjallaði um íslenska rannsókn um afleiðingar höfuðhöggs hjá íþróttakonum. Þá eru til leiðbeiningar KSÍ um heilahristing.

Þegar Andri fékk sitt högg þá gat hann svarað öllum spurningum sjúkraþjálfara og hélt leik áfram. „Mér fannst þetta ekki vera mjög alvarlegt þegar þetta gerðist. Ég gat svarað öllu og ekkert mál. Sérfræðingur um höfuðmeiðsli benti mér svo á að það væri algengt. Svo fékk ég spurninguna um hvernig mér hefði gengið í leiknum. Hvort eitthvað hefði verið ólíkt. Þá hugsaði ég um leikinn og í seinni hálfleik átti ég til dæmis skot í innkast og ég gaf fyrirgjöf sem var svo föst að hún fór nánast yfir skiltin hinum megin á vellinum. Ég veit ekkert hvort þetta tengist en mér fannst þetta skrýtið. Ég fór í bíó um kvöldið eftir leikinn og fann ekkert en daginn eftir leið mér hræðilega. Þetta er lúmskur andskoti. Það er kannski orðið yfir þetta."

Hann segir að hann geti varla beðið eftir að fara sparka bolta að nýju og biðin sé búin að vera svolítið löng eftir að reima á sig takkaskóna. „Fyrsta bakslagið fór ég alveg niður á byrjunarreit aftur. Þurfti að fara aftur í létta göngutúra, vinna mig upp á hjól og svo að skokka. Annað bakslagið var betra ef svo má segja. Þetta eru búnir að vera ótrúlegir mánuðir og því miður hef ég ágæta reynslu af því að vinna mig upp úr meiðslum. Ég þekki þetta ferli og maður þarf að treysta því.

Mér líður þannig í skrokknum að ég get spilað næsta leik en ég verð að passa mig því ef ég geri of mikið þá gæti ég fengið bakslag. Þetta er skrýtið dæmi." Hann segir að Heimir Guðjónsson, þjálfari Vals, og allir tengdir Val hafi staðið vel við bakið á honum. „Hann hefur reynslu af þessu. Hann hefur verið með leikmann sem fékk höfuðmeiðsli og það ríkir traust okkar á milli og fullur skilningur." Valsmenn eiga næst leik á fimmtudag gegn ÍA á Akranesi. **benediktboas@frettabladid.is**

Útlit er fyrir að Óttar Magnús sé að leið út aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhugi erlendis á kröftum Óttars

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Óttar Magnús Karlsson sem leikur með Víkingi er undir smásjá erlendra félaga en fotbolti.net greinir frá því að ítalska B-deildarliðið Venezia hafi áhuga á að fá hann í sínar raðir.

> **Tilboð hafa borist í Óttar Magnús Karlsson, sóknarmann Víkings, að utan en ítalska B-deildarliðið Venezia er eitt þeirra liða sem hafa verið nefnd til sögunnar í þeim efnum.**

Það yrði mikil blóðtaka fyrir Víking að missa Óttar Magnús úr sínum röðum en hann hefur skorað 9 af 19 mörkum liðsins á Íslandsmótinu í sumar. Einungis þrjú neðstu lið deildarinnar, KA, Grótta og Fjölnir, hafa skorað færri mörk en Víkingur í deildinni í sumar.

Þessi 23 ára gamli Víkingur hefur utan uppeldisfélags síns leikið með unglingaliðum Ajax, norska liðinu Molde og sænsku liðunum Trelleborg og Mjällby á ferli sínum.

Þá hefur hann skorað níu mörk fyrir yngri landslið Íslands og tvö mörk í þeim níu leikjum sem hann hefur spilað fyrir A-landsliðið. Óttar yrði annar íslenski leikmaðurinn í herbúðum Venezia er Bjarki Steinn Bjarkason söðlaði um frá Akranesi til Feneyja fyrr í sumar. **– hó**

Cana gefur Rúnari Alex góð meðmæli

ENSKI BOLTINN Það er að undirlagi markmannsþjálfara Arsenal, Inaki Cana, sem vann með Rúnari Alex Rúnarssyni hjá danska liðinu Nordsjælland, sem íslenski landsliðsmarkvörðurinn komst á radarinn hjá Arsenal. Fullyrt var á vefmiðlinum 433 í gær að Rúnar Alex væri á leið til enska úrvalsdeildarfélagsins í læknisskoðun þar sem honum stæði til boða fimm ára samningur. Enskir fjölmiðlar fullyrða að kaupverðið sé um 1,5 milljónir punda.

Cana og Rúnar þekkjast vel frá tíma sínum saman í Danmörku en Arsenal er einnig að skoða markvörð Brentford, David Raya, sem Cana þekkir vel eftir samstarf þeirra hjá enska B-deildar liðinu.

Rúnar Alex sem er á mála hjá franska liðinu Dijon var sagður á leið til Lundúna í gær þar sem hann átti að undirgangast læknisskoðun. Hann á að fylla skarð Emiliano Martinez sem er á leið til Aston Villa fyrir 20 milljónir punda. Bernd Leno verður áfram fyrsti kostur og þá er félagið með fjölmarga efnilega markverði innan sinna raða. Eistann Karl Hein, Arthur Okonkwo og James Hillson meðal annars.

Bernd Leno á æfingu undir stjórn Inaki Cana, spænska markvarðarþjálfara Arsenal. MYND/GETTY

> **Ef skiptin ganga í gegn verður Rúnar Alex fjórði íslenski leikmaðurinn í sögu Arsenal.**

Rúnar Alex kom til Dijon árið 2018 og hefur spilað 36 leiki fyrir félagið og haldið markinu hreinu sex sinnum. Hann hefur þó ekki átt fast sæti í liðinu. Hann er einn af 160 íþróttamönnum sem hafa skrifað undir samning við góðgerðarfélag Juan Mata, Common Goal, þar sem íþróttamenn láta eitt prósent af launum í góðgerðarmál. **– hó**

Fólk

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER 2020

Halldóra er leikskólakennari og olíuflutningabílstjóri en líka Íslandsmeistari í götuspyrnu mótorhjóla, englasafnari og bráðum amma. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Samferða mennskum og himneskum englum

Þegar Halldóra Vilhjálmsdóttir tyllir sér í stofunni heima á Akureyri er hún mitt á meðal 200 engla. Hún segir engla allt um kring og að sumir séu í mannsmynd. Halldóra safnar englum en segir englana þó safnast að sér. →2

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Ég ætlaði mér í sjálfu sér aldrei að safna englum en það má segja að englarnir safnist að mér, segir Halldóra Vilhjálmsdóttir sem á eitt stærsta englasafn landsins en það telur hátt í 200 engla af öllum stærðum og gerðum.

Elsti engillinn er kominn á fimmtugsaldurinn og hefur fylgt Halldóru frá barnæsku.

„Það er vængjaður kettlingur sem annar bræðra minna gaf mér þegar við vorum lítil og mér þykir undurvænt um og fylgir mér enn. Englakisinn sá er fyrsta englastyttan sem ég eignaðist um dagana en síðan hefur stöðugt bæst í safnið," segir Halldóra, umkringd englakór í stofunni sinni heima á Akureyri.

„Það hefur reynst þrautin þyngri að koma englasafninu haganlega fyrir þannig að hver og einn engill njóti sín og ætli ég þurfi ekki að láta sérsmíða haganlega skápa undir þá."

Englar koma til hjálpar

Halldóra er leikskólakennari að mennt og lauk framhaldsnámi í sérkennslufræðum. Hún hætti þó störfum í leikskóla eftir að hún fór í baki árið 2014.

„Þá var ég frá vinnu í tvö ár eða þar til ég var beðin um að keyra innanbæjarstrætó hér á Akureyri. Eftir tvö ár hjá Strætó fór ég til starfa hjá Olíudreifingu og hef nú keyrt olíuflutningabíla um gjörvallt Norður-, Norðvestur- og Norðausturland í hálft annað ár," segir Halldóra sem um nýliðna helgi lagði 1.500 kílómetra að baki þegar hún fór þrjár ferðir austur á Þórshöfn með olíu.

„Ég er ýmist á stórum „trailer" eða enn lengri tankbíl með beislisvagn í eftirdragi. Það er vissulega kúnst að keyra svo stóra og þunga bíla, sem og að bakka með beislisvagn, því honum er beygt öfugt við það sem vanalegt er með kerrur og vagna. Þá getur verið erfitt að aka olíuflutningabílum á veturna þegar keðja þarf dekkin í snjófargi og hálku en við förum aldrei af stað sé tvísýnt um veður," upplýsir Halldóra sem hefur keyrt fyrir Olíudreifingu síðastliðna tvo vetur, og þar starfar líka önnur kona við olíuflutningana.

„Ég hef gaman af flakkinu og hef ekið til staða sem ég hafði ekki áður séð. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og ég hef fundið stöku engil í safnið á keyrslunni en svo eru náttúrlega alltaf englar í kringum mann, hvort sem maður sér þá eða ekki. Það hef ég oft skynjað og það hefur hjálpað mér, hvort sem það er trúin á engla eða hreinlega englar í mannsmynd sem eru jú þó nokkrir í kringum mann, því oft koma aðilar inn í líf manns þegar mest þarf á að halda."

Hjartfólginn englaskari

Síðast þegar Halldóra taldi englastytturnar heima voru þær orðnar um 200 talsins en hún er líka með englapúsluspil, englamyndir og fleira sem skartar englum.

„Margir englanna eiga sína sögu og sumir eru mér kærari en aðrir. Þar á meðal eru þrír englar sem dóttir mín gerði handa mér sem lítil stúlka og í nóvember bætir hún við litlum engli í fjölskylduna sem verður mitt fyrsta barnabarn og hún ber undir belti. Aðrir englar eru mér sérstaklega hjartfólgnir því þeir tengjast missi, eins og fagur engill sem ég gaf ömmu minni heitinni þegar hún barðist við veikindi og ég fékk aftur til mín að henni látinni," segir Halldóra og lætur fara vel um sig í englafaðmi hvert sem litið er heima.



Halldóra með tíkina Mollý sem eins og aðrir á heimilinu kann vel við sig í englaskaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Halldóra á einnig myndarlegt safn af litlum vínflöskum.

Margir af englum Halldóru eiga sér hjartfólgnar sögur.

Halldóra segir englana skapa notalegt andrúmsloft.

> **Hvað sem öllu líður trúi ég og treysti að samferða mér sé engill sem heldur yfir mér verndarhendi.**

„Strákarnir mínir tveir sem enn eru heima gera engar athugasemdir við englaskarann. Ætli það sé ekki líka mikil vernd yfir heimilinu að búa með herskara engla? Allavega fyllist ég vellíðan þegar ég sé fallegan engil. Ég er þó ekki trúaðri en Jón og Gunna í næsta húsi en mér líður vel með englana hér heima sem og þá sem eru í mannsmynd í kringum mig. Ætli safnið sé ekki eins konar áminning um að alls staðar í kringum okkur séu englar, hvort sem maður sér þá eða ekki: englar sem líta til með okkur á einn eða annan hátt," segir Halldóra.

Hún er hvergi hætt að safna englum og kaupir sér snotra engla þegar þeir verða á vegi hennar en margir af hennar nánustu hafa líka fært henni engla í safnið.

„Af hverju englar? Jú, ég sækist eftir fegurð þeirra og friðsæld en líka gæsku þeirra og vernd sem allt skapar notalegt andrúmsloft. Englarnir toga mig til sín og eftir að hafa gefið barnungum bræðrasonum mínum engla í tækifærisgjöf hef ég líka keypt eins engla handa sjálfri mér," segir Halldóra og hlær.

Ósýnilegir englar í bílunum

Í safni Halldóru eru líka litríkir strumpar sem hún hefur notað til að skreyta aðventukrans og svo safnar hún litlum vínflöskum.

„Vísir að flöskusafninu varð til þegar ég keppti í íshokkí í Þýskalandi og margar flöskur bættust við þegar ég starfaði sem dyravörður," upplýsir Halldóra sem á yfir 80 flöskur í fórum sínum.

Hún er líka Íslandsmeistari í götuspyrnu og keyrir um á stásslegum mótorfák.

„Ég er svolítil strákastelpa og heillaðist fljótt af bílum og mótorhjólum. Ég á einhverja sautján bikara fyrir mótorhjólaspyrnurnar, varð Íslandsmeistari árið 2015 og lenti í 2. sæti á Íslandsmótinu árið á undan," segir Halldóra sem er þriggja barna móðir en dóttir hennar, sú sem á von á sér, er flutt suður á mölina að læra lögfræði.

„Það er nóg að gera alla daga. Yngri strákurinn fermdist nú síðsumars og ég hlakka mikið til að takast á við ömmuhlutverkið. Ég trega það svolítið að barnabarnið verði fyrir sunnan en mér ætti ekki að verða skotaskuld úr því að skreppa þetta fram og til baka. Það er bara spurning hvort ég geti enn keyrt svona litla bíla," segir hún og hlær.

„Nei, það eru engar englastyttur með mér í olíuflutningabílunum, því ég flakka á milli bíla. Kannski ég bæti úr því fyrir veturinn og vona svo sannarlega að veðrin verði ekki eins slæm og þau voru í vetur sem leið. Hvað sem því öllu líður trúi ég og treysti að samferða mér sé engill sem heldur yfir mér verndarhendi í akstrinum. Svo bíða manns iðulega englar í mannsmynd þegar maður kemur í stað. Þannig á ég líka vinkonur og vini sem hafa reynst mér sem englar þegar þannig hefur staðið á í lífinu og það er bæði dýrmætt og ómetanlegt."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Fasteignablaðið

37. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER 2020

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN

Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi
Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland Lögg. fast og eigandi
Þórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Júlíus Jóhannsson Lögg. fast. og eigandi
Monika Hjálmtýsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen Lögg. fast. og eigandi
Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast.
Eggert Maríuson Löggiltur fast.
Jón Óskar Löggiltur fast.
Guðrún D. Lúðvíksdóttir Löggiltur fast.
Helga Snorradóttir Skrifstofa/skjalavinnsla
Ása Þöll Ragnarsdóttir Skjalavinnsla/móttaka

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali

Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Nemi til löggildingar í fasteignasölu og lögfræðingur.

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

ÁSBYRGI ehf
Sími 568 2444
Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík
Ingileifur Einarsson - Löggiltur fasteignasali.

HVALEYRARBRAUT 24, HAFNARFIRÐI

Til sölu 3 mjög góð iðnaðarbil að stærð 184.1 fm, 190.1. fm og 207.1 fm. Lofthæð í öllum bilunum er mikil og hurðarhæð rúmir 4 m. Húsið var allt endurnýjað frá grunni á vandaða hátt fyrir nokkrum árum, allt þak, allar lagnir, raflögn og lýsing. Bilin sem eru til sölu eru í norður- og suðurhlið, ekki götuhlið.

Allar nánari uppl. veitir Ingileifur Einarsson, lögg. fast.
Gsm 894-1448, ingileifur@asbyrgi.is

Hús á besta stað

Fold fasteignasala, sími 552 1400, kynnir virðulegt og fallegt rúmlega 400 fermetra hús á Sóleyjargötu í Reykjavík.

Húsið skiptist í kjallara, tvær hæðir og þakhæð (sem er ekki í fermetratölu). Skipt hefur verið um flesta glugga.

1. hæð: Forstofa með fallegum ítölskum flísum í stíl við uppruna hússins. Parket er á gólfi.

Stofa/borðstofa: Björt og rúmgóð með fallegu parketi á gólfi með fiskibeinamynstri. Rúmgott herbergi/stofa sem er með útgengi frá eldhúsi og einnig af gangi frá því er útgengi á lóð austan megin við húsið.

Eldhús með gluggum til austurs og útgengi í garð, þaðan er einnig stigi sem liggur í kjallara. Eldhúsinnrétting er frá Eirvík og tæki frá Miele og Siemens. Salerni er á hæðinni, skápur og geymsla. Fallegur stigi liggur upp á efri hæð.

Fjögur herbergi á annarri hæð búin húsgögnum, tvíbreiðum rúmum öll með flatskjá. Herbergin eru öll með baðherbergi, flísalögð með sturtu. Eitt af fjórum herbergjum á hæðinni er með útgengi á suð-vestursvalir.

3. hæð: (óskráð rými). Herbergi með harðparketi, fallegt baðherbergi með sturtu. Sauna-klefi er úr stuðlabergi. Útgengi út á þaksvalir með heitum potti. Kjallari: Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Þvottahús er í kjallara. Húsið er til sölu en einnig er möguleiki á samningi um langtímaleigu.

Fallegt hús er til sölu við Sóleyjargötu. Mörg herbergi eru í húsinu.

Nánari upplýsingar í sími 552-1400 / utan skrifstofutíma: ,Viðar 694-1401 , Einar 893-9132 Gústaf 895-7205 og Kristín s. 824-1965. www.fold.is

NÝTT Í URRIÐAHOLTI
SJÓNARVEGUR 1-3 210 GARÐABÆ

FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali



OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 16. SEPT. KL. 17.30-18.00

Stærð frá: 94,6 m² | **Verð frá:** 53.900.000 kr.

Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir á fallegum útsýnisstað efst í Urriðaholtinu. Um er að ræða 10 íbúða steinsteypt hús á fjórum hæðum, eingangrað að utan og klætt með álklæðningu með bílageymslu á
1. hæð fyrir 6 bíla.

- Öll innanhúsráðgjöf í höndum HAF studio.
- Allar innréttingar eru frá HTH. Fataskápar hvítlakkaðir en innréttingar á baði og eldhúsi grálakkaðar.
- Ljós kvarststeinn er á borðum eldhús og baðherbergis.
- Heimilistæki eru frá AEG.
- Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna, þó með flísalögðu votrýmum.
- **Innbyggður ísskápur og uppþvottavél fylgir öllum íbúðum!**

Hafliði
Fasteignasali
846 4960

Sigurður
Fasteignasali
898 6106

Dórothea
Fasteignasali
898 3326

Hafdís
Fasteignasali
820 2222

STRANDVEGUR 1

210 GARÐABÆ

FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS fimmtudaginn 17.sept. kl. 17.30-18.00 | **Herb: 5** | **Stærð:** 221,6 m² | Bílskúr | **127 mkr.**

ÓHINDRAÐ ÚTSÝNI VIÐ SJÁVARSÍÐUNA* GLÆSILEGA 5 HERB. ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM Á 1. OG 2. HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR (GENGIÐ INN Í FJÖLBÝLIÐ FRÁ 2. HÆÐ) Í LITLU FJÖLBÝLI VIÐ JAÐABYGGÐ Í SJÁLANDSHVERFI GARÐABÆJAR.

Óhindrað útsýni yfir að Gálgahrauni, yfir Arnarnesvog til Reykjavíkur með fallegri fjallasýn til norðurs. Sérsmíðaðar innréttingar úr hlyn frá Hegg ehf hannaðar af Guðbjörgu Magnúsdóttur innanhússarkitekt. Gólfefni er parket úr hlyn og flísar. Heildarstærð eignarinnar skv. FMR. er 221,6 fm: Íbúð 198,4 fm - 2.hæð 111 fm, 1.hæð 87,4 fm og bílskúr er 22,2 fm.

Dórothea
Fasteignasali
898 3326

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
Gústaf Adolf Björnsson
íþróttafræðingur og lögg.fast
gustaf@fold.is / 895-7205
Kristín Pétursdóttir
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965
Anna Ólafía Guðnadóttir
íslenskufræðingur
Rakel Viðarsdóttir
viðskiptalögfr. og í löggildingarnámi
rakel@fold.is / 699-0044
Einar Marteinsson
lögg. fast.
einarm@fold.is / 893-9132

Jörfagrund 48, 116 Kjalarnesi, Rvk.

OPIÐ HÚS ÞRI 15/9 KL. 17:00-17:30.

Ca. 92 fm. falleg 4ra herbergja íbúð með sérinngangi frá svölum á rólegum stað á Kjalarnesi. Þrjú svefnherbergi, eldhús opið í stofu. Þvottaaðstaða á baði. Geymsla innan íbúðar. Suðursvalir. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Gott verð 33,9 millj.**
Opið hús þriðjudaginn 15. september kl. 17:00-17:30, verið velkomin.

Leifsgata 26, 101 Rvk., 4ra herb. m/aukaíbúð.

OPIÐ HÚS MIÐ 16/9 KL. 16:30-17:00.

Falleg og mikið endurnýjuð íbúð á 2. hæð við Leifsgötu auk mjög vandaðrar stúdíóíbúðar í bakhúsi. Í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, opið eldhús, stofur og baðherbergi. Stúdíóíbíðin er einstaklega smekkleg og vel hönnuð. **Verð 66,8 millj.**
Opið hús miðvikudaginn 16. september kl. 16:30-17:00, verið velkomin.

Sóleyjargata

EINBÝLISHÚS MEÐ 10 SVEFNHERBERGJUM.



Glæsilegt einbýlishús á frábærum stað í 101 Reykjavík. Arkitektinn Sigurður Guðmundsson teiknaði húsið fyrir Thor Thors 1933 en, það var endurnýjað 2014. Lóðin er 760 fm. eignarlóð. Í húsinu eru 10 svefnherbergi og eru 5 þeirra með sérbaðherbergjum með walk in sturtu. Húsið er skráð 358,4 fm. **Verð kr. 225.000.000.-**
Bókið skoðun: fold@fold.is.

Tvö sumarhús í landi Stóra Fjalls-Borgarb.

SKIPTI MÖGULEG Á HÚSBÍL EÐA HJÓLHÝSI

Tvö sumarhús hlið við hlið á fallegum stað í Borgarfirði í landi Stóra Fjalls í Kálfhólabyggð, milli Borgarnes og Bifrastar. Um er að ræða tvö systurhús, samtals 107,2 fm ásamt heitum potti og gufubaði. Tilvalið fyrir samhenta fjölskyldu. Um er að ræða tvær samliggjandi lóðir.Geta selst saman eða sitt í hvoru lagi. **Verð 24,8 mill.**
SKIPTI MÖGULEG Á HÚSBÍL EÐA HJÓLHÝSI.

Sætún, einbýlishúsalóð á fallegum stað

Á KJALARNESI, REYKJAVÍK.

Sætún: 2.536 fm. vel staðsett lóð í miðju landi Sætúns á Kjalarnesi. Landið er með miklum trjágróðri og er skilgreint sem lóð undir íbúðarhúsnæði. Fallegur staður, sveit í borg. Nánari upplýsingar um þessa lóð og fleiri landshluta á Kjalarnesi á skrifstofu.
Verð 14,9 millj.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

Vantar allar gerðir eigna á söluskrá. Mikil sala.
Skoðum og verðmetum samdægurs. Hafðu samband.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Strikið – Sjálandi Garðabæ. Nýjar og glæsilegar íbúðir.
4 íbúðir eftir – 60 ára og eldri. Leitið upplýsinga á skrifstofu.

Lautarvegur - Fossvogur. Einbýlishús með tveimur aukaíbúðum.

- Nýtt og stórglæsilegt um 400,0 fm. einbýlishús/keðjuhús með tveimur aukaíbúðum í kjallara á fullfrágenginni og glæsilegri lóð við opið svæði við Lautarveg neðst í Fossvogi.
- Húsið er byggt á afar vandaðan máta og úr vönduðum byggingarefnum. Gott skipulag. Lofthæð á aðalhæð er 3,5 metrar, lofthæð á efri hæð er 2,7 metrar og lofthæð í kjallara er 2,5 metrar. 45,8 fm. innbyggður flísalagður bílskúr.
- Tvær aukaíbúðir eru í kjallara, hvor um sig með sérinngangi og aðkomu frá göngustíg sunnan við húsið. Mögulegt er að stækka aðalíbúð hússins með því að opna inn í aðra íbúðina.
- Húsið að utan er klætt með lerki og trefjasementsplötum og er því viðhaldslétt.

Verð 189,0 millj.

Sóleyjargata. Heil húseign í hjarta miðborgarinnar.

- Glæsileg rúmlega 300,0 fm. heil húseign, sem skiptist í kjallara, tvær hæðir og ris á 666,2 fm. eignarlóð að brúttóflatarmáli 302,8 fm. og er innréttuð sem þrjár íbúðir auk skrifstofuhæðar.
- Í dag er eignin innréttuð þannig að í kjallara er 3ja - 4ra herbergja íbúð með sérinngangi. Á 1. hæð er 3ja herbergja íbúð með sérinngangi, en einnig er innangengt í hana úr stigahúsi. Á 2. hæð eru innréttaðar skrifstofur og á rishæð er íbúðarrými, en gengið er upp á rishæð úr skrifstofurými á 2. hæð hússins.
- Lóðin er með stórri tryfðri flöt til vesturs, fallegum trjágróðri og er afgirt að hluta. Ekki er útilokað að leyfi fengist fyrir byggingu bílskúrs þar sem bílskúr er við flest önnur hús í götunni.

Verð 155,0 millj.

Viðjugerði. Einbýlishús með aukaíbúð.

- Mjög gott 293,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðt. 32,7 fm. bílskúr sem hefur verið breytt í 2ja herbergja íbúð. Tvennar rúmgóðar svalir til suðurs og vesturs ásamt sólskála og verönd til suðurs.
- Innisundlaug er í húsinu með útgengi á verönd í bakgarði. Stórar stofur og fallegur arinn. Möguleiki er að nýta neðri hæð sem séríbúð.
- Húsið er staðsett á frábærum stað í rólegri götu við Viðjugerði. Lóðin er 767,0 fm. að stærð, vel hirt og gróin. Hellulögð aðkoma að húsi að framan og hellulögð verönd í bakgarði til suðurs. Snjóbræðsla í stétt fyrir framan hús og geymsluskúr á baklóð til austurs.

Verð 130,0 millj.

Hverafold. Vel staðsett og glæsilegt einbýlishús.

- Vandað 260,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á virkilega glæsilegri 808,0 fm. lóð neðst við sjóinn í Hverafold í Grafarvogi.
- Mjög mikil lofthæð í stórum hluta eignarinnar. Gólfhiti er í stórum hluta. Eyja í eldhúsi var sett upp árið 2013 og skipt um tæki.
- Fjögur mjög rúmgóð svefnherbergi og möguleiki á að hafa þau fimm. Arinn á milli setustofu og sjónvarpsstofu á neðri hæð og annar arinn á efri hæð hússins. Stórt og bjart eldhús og 2 baðherbergi.
- Baklóð hússins er með mjög skjólsælli viðarverönd til suðurs, heitum potti, steyptum veggjum, tyrfðum flötum og fallegum trjágróðri. Sjávarútsýni er frá lóðinni, veröndinni og af svölum efri hæðar.

Verð 124,9 millj.

Álfheimar 66. 4ra herbergja endaíbúð.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag, frá kl. 17.00 – 17.30

- Glæsileg og mikið endurnýjuð 95,5 fm. endaíbúð á 4. hæð auk geymslu við Álfheima við Laugardalinn. Verið er að klára framkvæmdir við húsið og greiðir seljandi kostnað vegna þeirra.
- Gluggar íbúðar snúa til suðurs, vesturs og norðurs. Fallegt útsýni er frá íbúðinni yfir Laugardalinn.
- Stór stofa sem nýtist sem borðstofa og stofa. Stórir nýir gluggar til suðurs. Stofur eru opnar við eldhús. Innrétting fyrir þvottavél innan íbúðar. Tveir góðir skápar á stigapalli sem fylgja íbúð.
- Baðherbergi er endurnýjað. Eldhús er smekklega endurnýjað.

Verð 49,9 millj.

Sólheimar 15. Glæsileg efri sérhæð.

Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Virkilega glæsileg og vel skipulögð 187,6 fm. efri sérhæð í nýlegu þríbýlishúsi sem byggt var árið 1986 auk 33,8 fm. bílskúrs undir húsinu. Lofthæð er allt að 4,0 metrum.
- Tvær mjög stórar, samliggjandi stofur með arni og svölum til suðurs. Rúmgott sjónvarpshol.
- Mjög stórt eldhús með upprunalegri sérsmíðaðri innréttingu og fallegri eyju. Tvennar grillsvalir.
- Allar innréttingar í íbúðinni eru upprunalegar og sérsmíðaðar, bókahillur á veggjum í sjónvarpsholi og einu svefnherberginu.
- Sér aflokanleg svefnherbergisálma með stóru fjölskyldurými.

Verð 93,5 millj.

Brávallagata 12. 4ra herbergja íbúð auk stúdíóíbúðar í risi.

- Björt og falleg 140,4 fm. eign við Brávallagötu 12 í Reykjavík, sem samanstendur af mikið uppgerðri 4ra herbergja íbúð á 3. hæð með svölum til suðurs og stúdíóíbúð í risi auk herbergis í kjallara, sér geymslu á baklóð og sér geymslu í kjallara þar sem allar lagnir eru til staðar fyrir salerni.
- Íbúð á 3. hæð sem er skráð 102,0 fermetrar að stærð að meðtöldu herbergi í kjallara er öll nýlega endurnýjuð á vandaðan og smekklegan máta og er í góðu ástandi.
- Íbúð í risi er skráð 29,0 fermetrar, en er að miklum hluta undir súð og gólfflötur því stærri og skiptist í gang, eldhús, baðherbergi og alrými.

Verð 74,9 millj.

Laugavegur 86-94. 2ja herbergja íbúð.

- Afar falleg og vel skipulögð 65,5 fm. 2ja herbergja íbúð á 4. hæð að meðtaldri sér geymslu á hæðinni í góðu fjölbýlishúsi við Laugaveg 86-94.
- Íbúðin er virkilega vönduð með svölum til suðurs og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími.
- Stofa með stórum gluggum til suðurs. Þvottaherbergi innan íbúðar. Baðherbergi með marmarasteini á gólfum og veggjum.

Stæði fyrir íbúðir á baklóð og stórt bílastæðahús er undir húsinu.

Verð 45,9 millj.

Naustavör nr. 36-42. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

- Naustavör 36-42 eru 3 – 4 hæða fjölbýlishús í Bryggjuhverfinu í vesturbæ Kópavogs.
- Íbúðirnar eru frá 88 fm. upp í 208 fm. , 2ja til 4ra herbergja. Til afhendingar okt/nóv 2020.
- Allar innréttingar er sérsmíðar af Brúnás, AEG eldhústæki og blöndunartæki frá Tengi. Íbúðirnar sjálfar verða afhentar án gólfefna, nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar frá Parka.
- Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar eru úr flestum íbúðum.

Afhendingartími íbúða er á tímabilinu júní – júlí 2020. Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf., www.bygg.is

Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.

- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.

Nánari upplýsingar á www.105midborg.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2019
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Guðrún D. Valdimars
aðst. fasteignasala
Sími: 899 6551

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Asparhvarf 16
203 Kópavogur

NÝTT Í SÖLU

Einstaklega glæsilegt 240 fm parhús með útsýni yfir Elliðavatn

- Vegleg stofa með tvöfaldri lofthæð og háum glugga
- 25,6 fm flísalagður bílskúr með geymslu inn af
- Hjónasvíta, tvö góð svefnherbergi og sjónvarpsherbergi/svefnherbergi
- Samtals tvö baðherbergi og snyrting
- Gólfhiti, innfelld lýsing
- Vandaðar og stílhreinar innréttingar og gólfefni
- 1072 fm lóð með sérlega fallegum garði

Verð: **115 millj.**

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 16 sept.
milli kl. 17:30 - 18:30

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Rauðalækur 22
105 Reykjavík

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
þriðjudaginn 15. sept.
milli kl. 16:45 - 17:30

Heillandi 193,3 fm parhús þar af 48,6 fm íbúð í kjallara

- 4 góð svefnherbergi í aðal íbúð
- Falleg endurnýjuð 2ja herbergja íbúð í kjallara á sér fastanúmeri
- Stórglæsilegur suður garður með tröppum úr stofu
- Hús nýmálað, gluggar og lagnir hafa verið endurnýjaðar
- Góð eign á þessum vinsæla stað
- Bílskúrsréttur

Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **112 millj.**

Smárarimi 67
112 Reykjavík

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jórunni í síma **845 8958**

Glæsilegt vel skipulagt 172 fm einbýli á einni hæð með bílskúr

- Fjögur svefnherbergi
- Mikil lofthæð í alrými
- Vel staðsett í rólegu umhverfi innst í botlanga
- Stór pallur og gróin garður
- Útsýni er til Esjunnar og Snæfellsjökuls

Nánari upplýsingar:
Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **94,5 millj.**

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4

108 Reykjavík

569 7000
www.miklaborg.is

MIKLABORG – Með þér alla leið

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 15. sept. kl. 17:30 - 18

Þórsgata 21
101 Reykjavík

Glæsileg 79,6 fm rishæð

- Stórar stofur, mikil lofthæð
- Glæsilegir gluggar sem setja svip á hæðina
- Endurnýjað fallegt eldhús búr innaf og baðherbergi
- Tvö svefnherbergi eldhúsi
- Sér geymsla í kjallar

Verð: **49,9 millj.**





Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 15. sept. kl. 17 - 17:30

Keilugrandi 2
107 Reykjavík

141 fm vel skipulögð 5 herb. íbúð á 3. hæð með risi

- Aðalhæð skiptist í forstofu, samliggjandi stofu og borðstofu, eldhús, baðherbergi með sturtu og þvottaaðstöðu.
- Tvö rúmgóð barnaherbergi ásamt svölum með góðu útsýni
- Stæði í lokaðri bílageymslu

Verð: **56,9 millj.**

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 16. sept. kl. 17 - 17:30

Vefarastræti 36
270 Mosfellsbær

Einstaklega falleg um 126 fm 4ra herb. íbúð á efstu hæð með lyftu

- Sérlega björt með gluggum á alla vegu
- 3 svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar
- Suður svalir, frábært útsýni
- Sér stæði í bílageymslum lögn f hleðstustöð

Verð: **59,9 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 15. sept. kl. 17:30 - 18:15

Rauðagerði 8
108 Reykjavík

Rúmgóð 194,4 fm efri sérhæð og bílskúr á vinsælum stað

- Stórar stofur og eldhús,
- 4 svefnherbergi, baðherbergi og gestasnyrtingu
- Sér þvottahús í kjallara
- 23,7 fm bílskúr
- Íbúð og hús hafa fengið gott viðhald

Verð: **78,5 millj.**



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 16. sept. kl. 18 - 18:30

Baugakór 11
203 Kópavogur

Falleg og björt 4-5 herbergja 141 fm endaíbúð á 3. hæð m lyftu

- Sérsmiðaðar innréttingar
- Svart granít á borðum og í sólbekkjum.
- Auðvelt að bæta við svefnherbergi
- Bílastæði og 8.9 fm sér geymsla í kjallara

Verð: **67,9 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 16. sept. kl. 17 - 17:30

Álfhólsvegur 73
200 Kópavogur

Í byggingu 108 - 120 fm íbúðir í nýju fjórbýlishúsi

- Rúmgóðar og vel skipulagðar íbúðir 3ja - 4ra herb
- Eftirsóttur staður við Álfhólsveg með góðu útsýni
- Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna
- Sér inngangur í allar íbúðir

Verð frá: **64,9 millj.**

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Sogavegur 73 - 77
108 Reykjavík

INNRÉTTUÐ SÝNINGARÍBÚÐ

SÝNUM DAGLEGA

Nýjar og vandaðar íbúðir í 3ja hæða lyftuhúsi

- Stæði í bílageymslu
- Bílskúrar fylgja stærri íbúðum
- Margar íbúðir með sérinngangi
- Afhent okt 2020

Verð frá: **39,9 millj.**

Bókið skoðun hjá sölumönnum og fáið nánari upplýsingar:

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 16. sept. kl. 17:30 - 18

Lindasmári 45 (303)
201 Kópavogur

Falleg 6-7 herbergja 151,4 fm útsýnis íbúð

- Fimm svefnherbergi, möguleiki á því sjötta
- Glæsileg alrými með mikilli lofthæð
- Dýrahald leyfilegt
- Glæsilegt útsýni
- Frábær staðsetning

Verð: **64,5 millj.**



Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

OPIÐ HÚS
miðvdaginn 16. sept. kl. 17 - 17:30

Bergstaðastræti 42
101 Reykjavíkk

Fallegt og mikið endurbætt einbýlishús í hjarta Reykjavíkur

- 2 herb íbúð í kjallara með sérinngangi
- Tvennar svalir
- Bílastæði á lóð
- Góður bakgarður með garðhúsi sem áður var bílskúr

Verð: **94,9 millj.**



Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Fjármögnun hefur **aldrei verið hagstæðari** á Íslandi, lánshlutföll frá 65-90% eftir kaupendum. **Komið, skoðið** og ráðfærið ykkur **við sölumenn okkar!**

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Gefjunarbrunnur 18

113 Reykjavík

Í byggingu spennandi tvíbýli

- Viðhaldslétt, klætt að utan
- Afhent fullbúið án gólfefna vor 2021
- **Stór efri sérhæð 147 fm**, stórt og bjart alrými, 4 svefnherb, 2 baðherb. og sér inngangur

Verð **72,9 millj.**

- Góð **3ja herb** íbúð **neðri hæð 77 fm**. Gott alrými, 2 svefnh, sér inngangur og verönd

Verð **45,9 millj.**

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Öldugata 25

101 Reykjavík

Falleg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 90 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð

- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð, t.d. gólfefni, raflagnir, neysluvatnslagnir, innréttingar í eldhúsi og baðherbergi.
- Fallegt reisulegt steinhús á þessum vinsælastað

Verð: **56,9 millj.**

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallur@miklaborg.is

Vesturgara 50A

101 Reykjavík

Sérlega falleg 3ja herb íbúð á 3ju hæð í lyftuhúsi

- Íbúðin var mikið endurnýjuð 2005
- Vandaðar innréttingar og gólfefni
- Miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu

Verð: **53,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Sólheimar 18

104 Reykjavík

Falleg og vel skipulögð 179 fm hæð sem hefur verið endurnýjuð að hluta

- Með nýlegu parketi, endurnýjuðu eldhúsi og þvottahúsi.
- Svalir.
- Bílskúrinn er skráður 26,6 fm og er með þar að auki 30 fm óskráðu rými í kjallara.

Verð: **86,5 millj.**

Unufell 48 — 111 Reykjavík

Falleg og töluvert endurnýjup 4ra herb. 96,8 fm íbúð á 2. hæð — Verð: **39,5 millj.**

- 3 svefnherbergi
- Góðar austur svalir eru út frá stofu
- Sér þvottahús innan íbúðar

Nánari upplýsingar:
s. 691 1931 Óskar H. Bjarnasen löggiltur fasteignasali

Eikjuvogur 27 — 104 Reykjavík

Glæsileg ný 113 fm efri sérhæð með sérinngangi — Verð: **74,5 millj.**

- Þrjú svefnherbergi og mikil lofthæð í bjartri stofu, svalir
- Afhendist fullbúin með gólfefnum
- Innfelld lýsing og tæki í eldhúsi
- Vandaðar innréttingar og tæki

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Leita að:

- Raðhúsi 150 - 200 fm í Smárunum í Kópavogi.
- Stórri hæð í Hlíðunum.
- Hæð í Vesturbæ 140 -180 fm.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórhallur Biering, lögg. fasteignasali
thorhallur@miklaborg.is **Sími: 896 8232**

Ármúli 22 — 108 Reykjavík

139,9 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð — Verð: **39 millj.**

- Rýmið er mjög bjart, opið og býður upp á marga möguleika.
- Frábær staðsetning og hentar rýmið vel fyrir skrifstofur sem salur fyrir alls kynns starfsemi ofl.
- Áberandi staðsetning frá götu, góðir gluggar og næg bílastæði.

Nánari upplýsingar:
s. 691 1931 Óskar H. Bjarnasen löggiltur fasteignasali

Mánatún 13 íb 109 — 105 Reykjavík

Glæsileg ný 120,5 fm horníbúð á 1. hæð — Verð: **60,5 millj.**

- Björt rúmgóð stofa og opið fallegt eldhús
- Tvö góð svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar
- Tvennar svalir þar af aðrar yfirbyggðar
- Stæði í bílageymslu
- Frábær staðsetning

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

Tjarnargata 4 — 260 Njarðvík

Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja 100,1 fm íbúð á 1 hæð í tvíbýlishúsi — Verð: **35,9 millj.**

- Miklar endurbætur hafa farið fram að innan og utan
- Íbúðin er staðsett á glæsilegum á stað með mikla víðáttu og útsýni
- Rúmgóð geymsla/þvottahús er innan íbúðar
- Stutt í leikskóla, skóla ásamt verslun og þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 691 1931 Óskar H. Bjarnasen löggiltur fasteignasali

Túngata 43 — 101 Reykjavík

Glæsileg 105,2 fm efri hæð í tvíbýli, ásamt ca. 20 fm útleiguherbergi í kjallara. — Verð: **61,6 millj.**

- 3ja herbergja
- 7,1 fm sérgeymsla og sameiginlegt þvottaherbergi í kjallara
- Geymsluris er yfir íbúðinni
- Töluvert endurnýjað hús

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

Árskógar 8 — 109 Reykjavík

Vel skipulögð 3ja herbergja íbúð — Verð: **49,9 millj.**

- Tvö herbergi, stofa, eldhús, baðherbergi
- Geymsla
- Húsvörður
- Húsið tengist félagsmiðstöð með þjónustu

Nánari upplýsingar:
s. 899 5856 Gunnar S. Jónsson löggiltur fasteignasali

Illagil 21 — 801 Grafningur

Glæsilegt 211 fm heilsárshús upp af Hestvík í Grafningnum — Verð: **Tilboð**

- 3 svefnherbergi og svefnloft / sjónvarpsrými
- Alrými með mikilli lofthæð og kamínu, Hhiti í gólfum og varmadæla
- Hert gler á sólpalli, gott útsýni
- Steypt neðri hæð með mikilli lofthæð og stórum innkeyrsludyrum

Nánari upplýsingar: **Friðrik Þ. Stefánsson** hdl. og aðst. fasteignasala
s. 616 1313 Ólafur Finnbogason löggiltur fasteignasali s. 822 2307

MIKLABORG | Með þér alla leið

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
í dag þriðjudag 15. sept. kl. 18 - 18:30

Grandavegur 42c
107 Reykjavík

Glæsileg 148,1 fm rúmgóð og vel skipulögð 3ja herbergja endaíbúð á 3. hæð (303)

- Tvennar 28,5 fm yfirbyggðar svalir sem snúa í norður og suður, einstakt útsýni.
- 176 fm með svölum
- Stæði í bílgeymslu.
- Stutt í verslanir og veitingastaði.

Verð: **95 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



OPIÐ HÚS
fimmtudag 17. sept. kl. 18:15 - 18:45

Ljósvallagata 30
101 Reykjavík

Heillandi 3ja herbergja risíbúð sem nýtist afar vel

- Skráð 68,8 fm en gólfflötur er mun stærri
- Afar fallegur staður á móti Hólavallakirkjugarði
- Tvö góð svefnherbergi,
- Bað með þvottaaðstöðu
- Sameiginleg hjóla-geymsla í garði

Verð: **45 millj.**

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is



NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
fimmtudag 17. sept. kl. 17 - 17:30

Hamrahlíð 23
105 Reykjavík

Falleg og björt þriggja herbergja íbúð með bílskúr

- Eignin er skráð 109,3 fm þar af er bílskúr 29,5
- Rúmgóð og björt stofa, útgengt á suðvestur svalir
- 2 svefnhergergi
- Húsið hefur fengið mjög gott viðhald

Verð: **49,4 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



OPIÐ HÚS
fimmtudag 17. sept. kl. 17:00 - 17:30

Nýlendugata 30
101 Reykjavík

Falleg 4ra herbergja íbúð á 3. hæð (rishæð) í virðulegu húsi

- 93,7 fm 4ra herbergja risíbúð
- Arkitekt Þorleifur Eyjólfsson
- Húsið hefur fengið gott viðhald í gegnum árin
- Sérlega fallegur bakgarður með trjágróðri, sólpalli og fl.
- Sjarmerandi hús á rólegum stað

Verð: **59,5 millj.**

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is





OPIÐ HÚS
fimmtudag 17. sept. kl. 18 - 18:30

Blikahöfði 1
270 Mosfellsbær

147 fm 5 herbergja endaíbúð

- 120 fm björt endaíbúð
- 4 svefnherbergi
- 27,6 fm bílskúr
- Suðursvalir
- Mikið útsýni

Verð: **61,5 millj.**

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



OPIÐ HÚS
fimmtudag 17. sept. kl. 17:00 - 17:30

Ránargata 6a
